



Leikskólinn Sælukot

Starfsáætlun fyrir leikskólaárið 2023–2024

Áhersla skyldi lögð á siðræna menntun í skólakerfi okkar og háleitar hugsjónir. Ekki einungis heimspeki og hefðir. Ástundun siðrænna gilda skyldi vera þýðingarmesta námsefnið á námskránni á öllum skólastigum. Barnið skyldi vakið til alheimslegrar vitundar. Kurteisvenjur og fágúð framkoma eru ekki nóg. Raunveruleg menntun leiðir til djúprar tilfinningar elsku og samkenndar með öllu sköpunarverkinu.

SÁVIDYÁ YÁ VIMUKTAYE–Menntun er það sem frelsar
P.R. Sarkar



Leiðarljós

Í Sælukoti öðlast börn siðmenntun, víðsýni og þekkingu sem mun leiða til djúprar tilfinningar elsku og samkenndar með öllu sköpunarverkinu og nýttast þeim í breyttum heimi fjölmenningar og fjölbreytileika.



Inngangur: Góður Guð er í smáatriðinu, skrifaði Gustave Flaubert. Fullkomleikinn, hefði hann getað sagt. Umönnun og menntun barna í leikskóla gerist í þeirri ótölulegu fjöld smáatriða sem mynda líf þeirra hvern leikskóladag. Alger forsenda þess að börn njóti þeirrar umönnunar og menntunar í leikskólum sem þeim er ætlað í Aðalnámskrá, leiksólanámskrám, pólitískri stefnumörkun, eða bara í væntingum foreldra þeirra, er að

kennararnir hafi áhuga og getu til að raungera í smæstu atriðum og daglangt með sjálfum börnunum slík markmið. Til þess að börnin fái notið þeirra góðu undirstöðu í hugmyndafræði og menntunarfræðilegri sýn sinni, efnislegum aðbúnaði, skipulagi og faglegru forystu sem GETA telur réttilega að Leikskólinn Sælukot búi yfir, þá þurfa kennarar hans að geta útfært í smáatriðum hvert það prógramm, hverja þá athöfn sem skila á þessum góða grunni og ásamt með góðum ásetningi til barnanna sjálfra hvert augnablik.

Það kann að vera erfitt að útskýra eðli þessa máls fyrir utanaðkomandi og það skýrist ekki fyllilega með óhlutbundnum hugtökum eða kenningum. Það skýrist með náinni athugun á þeim veruleika sem leikskólinn er. Þannig hef ég getað greint, að þá sérstöðu, sem GETA bendir á að deild elstu barna í leikskólanum hafi umfram aðrar í námslegri virkni barnanna, má vissulega þakka góðum námslegum prógrömmum sem kennararnir innleiða. Lykilinn að góðri virkni og árangri þessara prógramma er hins vegar að finna í samskiptum og tengslum kennaranna við börnin. Börnin kunna að hafa eðlislægan áhuga á viðfangsefnunum sem standa þeim til boða, og hafa það, en mestu varðar að þeim eru boðin þau og þeim er hjálpað og leiðbeint um þau með óbrigðullu ástúð og hlýju kennaranna. Það er þessi *virka, ástúðlega nærvera kennaranna við börnin* sem gerir þeim fært að mynda dýnamískt, skapandi flæði leikgleði og áhuga barnanna.

Þetta er ef til vill augljós en þó vanræktur sannleikur um leikskólastarf. En það er hér sem ég tel að leikskólinn þurfi að halda vöku sinni og það er hér sem hann verður að einbeita sér í því umbótastarfi sem er brýnt að eigi sér stað, ekki síst á miðdeild hans. Þar er forsendan fyrir bættum árangri það sem réttilega er svo nefnt:

Virk, ástúðleg nærvera kennaranna við börnin.

Ekki að hún komi í staðinn fyrir skýr, þroskandi og menntandi prógrömm heldur til þess að einmitt þau prógrömm nái tilgangi sínum. Tökum einfalt, raunverulegt dæmi: Nokkrum börnum á miðdeild var í dálitilli millitíð á milli morgunverðar og *Morgunhringsins* boðið að leika sér frjálst að leikföngum sem annars vegar voru líkön af alvanalegum húsdýrum og villtum dýrum og hins vegar nokkur ökutæki, þar á meðal flutningabíll með opnum palli. Við tóku nokkuð venjubundin viðbrögð barnanna við þessum leikföngum og endurtekningarsöm. Ég var í venjubundinni heimsókn á deildinni og tók mig nú til og innleiddi, sem kalla má, „sögu“ inn í þessa óreiðukenndu og endurtekningarsömu atburðarás, fækkaði dýrunum þannig að var eitt á hvert barn eftir vali þeirra, úthlutaði þeim heimili og búsvæði sem hvert barn réð yfir, safnaði svo dýrunum saman á flutningabílinn sem síðan ók með hvert þeirra til síns heima þar sem hvert barn tók á móti því.

Þótt „frumstætt“ væri, þá reyndist þetta byrjun á dálitlum spuna- og hlutverkleiks barnanna. Einföld „saga“, en áhrif hennar á börnin helguðust trúlega af sýnilegri leikgleði þessa leikskólastjóra þeirra á áttæðisaldri. En ekki síst krafðist innleiðing hennar *orða*. Vel valinna orða sem féllu að aðstæðum og persónu hvers barns.

Þetta dæmi sýnir vonandi hvers vegna er skynsamlegt að útfæra þá umbótaáætlun um *virka, ástúðlega nærvera kennaranna við börnin* með áherslu á orðlæga tjáningu og samskipti kennaranna við þau. Sú áhersla gildir líka fyrir íslenskumælandi kennara, en hún hefur auðvitað sérstakt gildi í ljósi þess, að með henni verður að miklu leyti hægt að víkja úr vegi þeirri hindrun fyrir ráðningum og eðlilegum ávinningi af þeim fjölmörgu menntuðu afbragðskennurum af erlendum uppruna sem haf takmarkað almennt vald á íslenskri tungu. Leikskólinn Sælukot hefur þegar hafist handa um þetta áhersluatriði með gerð lista á ensku með íslenskri þýðingu yfir algengustu setningar og málsgreinar í samskiptum þeirra við börnin. Kennarar hafa tekið þessu framtaki mjög vel og það hefur verið þeim styrkur við að fylgja þeirri ófrávíkjanlegu reglu í Leikskólanum Sælukoti (nema á aðlögunartíma barna með erlent móðurmál) að tala einungis íslensku við börnin. (Sjá fylgiskjal 1).

Leikskólinn sælukot mun auk þessarar umbótaáætlunar halda áfram að fylgja námskrá meðal kennara á deild elstu barna, sem tók gildi til reynslu meðal allra kennara leikskólans í byrjun þessa árs. (Sjá fylgiskjal 2).

Leikskóladagatal fylgir í sérriti : <https://saelukot.is/index.php/dagatal/>

Gunnlaugur Sigurðsson



Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Starfsáætlun fyrir leikskólaárið 2023–2024 | 1 |
| Leiðarljós | 2 |
| Inngangur: | 2 |
| 2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023 | 5 |
| Innra mat | 5 |
| Ytra mat..... | 6 |
| Heildræn umbótaáætlun Leikskólans Sælukots 2023-2024..... | 7 |
| Fylgiskjal 1. Heildræn umbótaáætlun Leikskólans Sælukots um <i>virka, ástúðlega nærveru kennaranna við börnin.</i> | 8 |
| Fylgiskjal 2. Námsáætlun í menntunarfræði Ný-húmanisma fyrir kennara (á deild elstu barna) Leikskólans Sælukots..... | 15 |
| B. Námsáætlun..... | 18 |
| Fylgiskjal 3. Leikskóladagatal Sælukots https://saelukot.is/index.php/dagatal/ | 21 |
| Fylgiskjal 4. Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans fyrir leikskólaárið 20232024..... | 21 |
| Fylgiskjal 5. Um mat GETA á matspáttum 7 og 9 í ytra mati þess. | 22 |
| Fylgiskjal 6. Um hlutverk orða í skilningi okkar og misskilningi á börnum | 23 |

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Hvað var metið?

Hvernig fór matið fram?

| | | | |
|--|---|---|--|
| Líkamleg, hugræn og andleg og þroski hvers barns | Með reglulegri líðan athugun og skráningu á matsþáttum sem voru ræddir við foreldra í foreldraviðtölum og oftast ef ástæða þótti til. | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) börn, foreldrar, aðrir) |
| Skipulag og starfshættir á leikskólans | Með deildum vettvangsathugun leikskólastjóra og reglulegum samráðsfundum deildarstjóra, leikskólastjóra og rekstrarstjóra. | Deildarstjórar, kennarar foreldrar barnanna | Niðurstöður voru eðli málsins og samkvæmt einstaklingsbundnar en sem vísbendingar um árangur í starfsemi leikskólans voru þær mjög jákvæðar heilt yfir. Þær gefa þó til kynna ástæðu til enn aukinnar áherslu á <i>virka, ástúðlega nærveru kennaranna við börnin.</i> |
| | | Deildarstjórar, Staðan með tilliti til skipulags og leikskólastjóri og starfshátta var mismunandi eftir rekstrarstjóri. deildum. Áberandi mest námsleg virkni (sem vænta mátti) í deild elstu barna sem rekja mátti til mjög góðrar faglegrar vinnu kennaranna, góðs skipulags og verkaskiptingar. Á deildum yngstu barna var gott skipulag en framkvæmd sætti erfiðleikum í byrjun vegna fjölda nýrra barna en fór batnandi og er nú í góðri stöðu. Á miðdeild er enn ábótavant um markvissa námslega virkni, einkum í leik barnanna en hefur lagast og mun enn lagast með aðgerðum í skipulagi og starfsháttum í byrjun nýs leikskólaárs. | |



Ytra mat

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|--|---|---|---|
| <p>1. Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi.</p> <p>2. Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur.</p> <p>3. Faglegt Samstarf.</p> <p>4. Leikskólaþróun og símenntun</p> <p>5. Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.</p> <p>6. Skipulag náms og náms-Aðstæður.</p> <p>7. Uppeldi, menntun og starfshættir.</p> <p>8. Leikur og nám. Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna.</p> <p>9. Námssvið Leikskólans.</p> <p>10. Leikskóli án aðgreiningar /leikskóli margbeytileikans.</p> <p>11. Mat á námi og velferð barna.</p> | <p>1-10: Með vettvangsathugun, skoðun gagna og viðtölum við aðstandendur og starfsmenn leikskólans, börn og foreldra.</p> | <p>Undir stjórn GETA, starfsmenn og stjórnendur leikskólans, foreldrar og börn.</p> | <p>1-10: „Skólinn byggir á vel ígrundaðri stefnu sem litar allt starf hans. Umhyggja er hornsteinn í stefnu skólans og í ytra matinu komu fram mjög skýrar vísbendingar um að starfsfólk og stjórnendur beri mikla umhyggju fyrir börnunum. Við skólann starfa hins vegar hlutfallslega fáir kennarar með sérhæfða menntun á sviði leikskólakennslu, sem hefur einnig áhrif á allt starf hans.</p> <p>Helstu tækifæri til umbóta felast í að efla faglegt skólastarf. Á yngstu deild og miðdeild vantar nokkuð upp á að viðmiðum um gæðastarf sé náð þegar kemur að uppeldis- og menntunarstarfi. Starf á elstu deild skólans sker sig úr hvað það varðar til hins betra.“</p> <p>Leikskólinn tekur undir þetta mat GETA ásamt flestu því sem nánar er tilgreint nánar í matsskýrslu fyrirtækisins. Ástæða er þó til að gera athugasemd við þá aðdróttun sem viðrist felast í lágri einkunnagjöf matsþátta sem hér eru númeraðir 7 og 9. (Sjá fylgiskjal 5)</p> <p>Leikskólinn tekur sérstaklega undir það mat GETA að forsenda bættis starfs og árangurs í Leikskólanum Sælukoti sé menntun kennaranna. Staða á vinnumarkaði leikskólakennara er sú sem hún er og vegna hennar og reyndar burt séð frá henni áformar leikskólinn að fylgja eftir og þróa þá áætlun um menntun og þjálfun kennara leikskólans sem hófst í byrjun ársins. Nú með sérstakri áherslu á það sem best er lýst með yfirskrift hennar: <i>Virk, ástúðleg nærvera kennaranna við börnin.</i> (Sjá fylgiskjal 1)</p> |

Heildræn umbótaáætlun Leikskólans Sælukots 2023-2024

Nær til allra kennara, barna og deilda leikskólans

| UMBÓTAPÁTTUR MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir Til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig og hvenær metið/Aðferðir | Viðmið um árangur |
|---|---|--|--|---------------|--|--|---|
| Menntun kennara og starfshættir | | | | | | | |
| Leikskólinn tekur undir það mat GETA að forsenda bættis starfs og árangurs sé menntun kennaranna. | Bæta faglegt, eiginlegt starf kennaranna með menntun þeirra og starfsþjálfun, bættu skipulagi, bættri notkun leik- og námsefnis og námslega virkari samverustundum barnanna í stærri hópum. | Auka virka, ástúðlega nærveru kennaranna við börnin. Með: 1. Menntun og starfsþjálfun kennara. 2. Fókus á persónu hvers barns. 3. Bættu skipulagi og notkun tiltækra bjarga leikskólans . (Sjá fylgiskjal 1) | Leikskólastjóri, rekstrarstjóri og deildarstjórar. | 1. ágúst 2023 | 1. júlí 2024 (með væntanlegu áframhaldi) | Metið með vettvangsathugun+ starfsviðtölum við kennara | Aukin/góð virk ástúðleg nærvera kennaranna við börnin |



Fylgiskjal 1. Heildræn umbótaáætlun Leikskólans Sælukots um virka, ástúðlega nærveru kennaranna við börnin.

Hún birtist í virkum, ástúðlegum áhuga á persónu hvers

barns;

virkri, ástúðlegri þátttöku í gleði barnanna og samhygð í sorgum þeirra; virku, ástúðlegu, vitrænu, siðrænu og hugmyndaríku samtali við börnin; virkum, ástúðlegum stuðningi við leik barnanna; virkri, ástúðlegri fyrirmynd og leiðsög í umgengni við hlutveruleikann; virkri, ástúðlegri fyrirmynd og leiðsögn í sköpun og framkvæmd; virkri, ástúðlegri forustu og leiðsögn í dansi, söng og hópleikjum; virkri, ástúðlegri leiðsögn í fornámi barnanna að námssviðum grunnskólans; virkri, ástúðlegri leiðsögn og fyrirmynd í *Kærleikshringnum*.

Leikskólinn Sælukot áformar að styðja sérstaklega við þessi faglegu grundvallaratriði með þremur áhersluatriðum í starfi sínu.

1. Með menntun og starfsþjálfun kennara leikskólans.
2. Með fókus á persónu, persónuleika, líðan og gengi hvers barns í leikskólanum í persónulegum, ástúðlegum samskiptum og tengslum barna og kennara þeirra.
3. Með því að nota tiltækar bjargir leikskólans - starfskrafta, skipulag, innri og ytri rými og leik- og námsgögn - til að hámarka virka, ástúðlega nærveru kennaranna í lífi barnanna á leikskólanum.

Á þessum faglega, eigindlega grunni getur leikskólinn með raunhæfum hætti náð þeim markmiðum sem hann hefur sett sér um umönnun og menntun barnanna og fram koma í námskrá hans og námsáætlunum einstakra deilda. Við skulum því skoða hvað þessi faglegu, eigindlegu grundvallaratrið fela nánar í sér.

1. Menntun og starfsþjálfun kennara

Nýráðnir kennarar leikskólans fá sérstaka leiðsögn og þjálfun í byrjun starfs og viðvarandi leiðsögn eftir það. Hún er á hendi deildarstjóra og er hagað með tilliti til hæfileika viðkoandi og getu í starfi.

Leikskólinn Sælukot gefur öllum kennurum leikskólans undirbúningstíma. Það fer eftir aðstæðum og áhuga kennaranna hvernig þeir nýta þessa tíma. Meginreglan er sú, að þessir tímar séu notaðir til undirbúnings fyrir komandi kennslu og umönnun barnanna. Af því leiðir að á þeim tíma séu kennararnir ekki að sinna börnunum beint né að klára verk sem því fylgja heldur geti alfarið helgað tímann komandi viðfangsefnum.

Til viðbótar þessu áformar leikskólinn að verja tíma og nauðsynlegum björgum í tiltekna markvissa menntun og starfsþjálfun kennaranna á sviði samskipta við börnin sérstaklega. Það er vegna þess að börnin eiga á leikskólanum allt sitt undir samskiptum við kennarana og kennararnir eiga allan árangur í líðan barnanna, þroska og menntun undir getu sinni til náinna, ástúðlegra, gefandi samskipta við þau.

Í öllum samskiptum kennara og barna koma töluð orð við sögu. Tal kennaranna við börnin gegnir ekki aðeins þýðingarmiklu hlutverki í málþroska barnanna heldur jafnframt í allri tjáningu kennaranna við þau og tjáningu barnanna við kennaranna. Til þess að kennari geti fyllilega notið sín í samskiptum við börnin er honum styrkur, ef ekki nauðsyn, að geta tjáð sig sem best í orðum.

Áformið lýtur því annars vegar að aukinni hæfni kennara með takamarkaða almenna kunnáttu í íslensku talmáli til að tala íslensku við börnin.

Hins vegar að aukinni hæfni þeirra og íslenskumælandi kennara sömuleiðis til að tala við börnin almennt. Það er nefnilega ekki sjálfgefinn hæfileiki að geta talað við börn til stuðnings því markmiði að þeim líði vel í návist manns, skynji að þau séu elskuð og virt og taki einlæglega ástúðlegu atlæti og leiðsögn.

Þetta málfræðilega menntunaráform kennaranna er liður í þeirri áherslu sem leikskólinn leggur á *virka, ástúðlega nærveru kennaranna við börnin*.

Með því verður stefnt að árangri á 4 meginsviðum í samskiptum kennaranna við börnin.

- a) Tal með daglegum athöfnum á borð við komu og brottför barnanna, bleyjuskripti, fataskripti, máltíðir og svefn.
- b) Tal með sérstökum námsmiðuðum, hluttengdum athöfnum, svo sem leik barna í sandkassa og öðrum leiktækjum í útivist, leik með leikföng innvið og önnur námsgögn á borð við leir, liti og skriffæri.
- c) Tal til stuðnings formlegum leikjum barnanna og frjálsum leik þeirra.
- d) Sungnir textar og lesnir.

2. Fókus á persónu hvers barns

Orðlæg samskipti við börnin eru ekki aðeins mikilvæg vegna málþroska barnanna og til stuðnings umönnun þeirra og menntun heldur ráða þau miklu um þá athygli sem kennarinn veitir barninu og þar af leiðandi um tengsl hans við barnið.

Í fljótu bragði séð mætti ætla, að athygli kennarans komi ekki með töluðum orðum hans við barnið heldur skynjun hans og hugsun, og það er út af fyrir sig rétt svo langt sem það nær. En ef hugsun gefur skynjuninni merkingu þá gefa orð hugsuninni það ekki síður, um leið og þau vekja sjálf til nýrrar hugsunar, eins og dagleg reynsla okkar reyndar segir okkur. Og eins og við tölum við börnin, þannig verða þau sem persónur í hugarheimi okkar. Og eins og við viljum að sú persóna verði í hugarheimi okkar, þannig skyldum við tala við þau og þannig skyldum við líka tala um þau. (Sjá fylgiskjal 6)

Þannig að með því að tala við börnin opna kennararnir leið sína að hjarta þeirra og leið barnanna að hjarta sínu.

Í veru sinni á leikskóla þurfa börnin að sæta ýmsum almennum reglum og umgengisháttum við hlutveruleikann, hvert við annað, kennarana og annað starfsfólk. Það þýðir hins vegar alls ekki að persóna hvers og eins líkt og máist út. Þvert á móti. Reglur og umgengishættir eru til þess að gera allar endurtekningar athafnir auðveldari í framkvæmd, fljótlegr og snurðulausari þannig að tími, athygli og atorka nýtist til menntunar barnanna.

Menntun fer ætíð fram í viðfangsefnum sem börnin eru að læra og þjálfast í að ná tökum á. Í leikskóla (og vonandi sem lengst eftir það) byggir menntun barnanna á eðlislægum vilja þeirra til að gera það sem þau ekki kunna eða geta fyllilega eða jafnvel alls ekki fyrir. Hlutverk kennaranna er því að koma börnunum ætíð sem allra fyrst á þennan námslega stað í daglegu lífi þeirra og það er á þeim stað sem persóna barnsins skal fá að njóta sín.

Með öðrum orðum: Skilvirkt almennt skipulag og lifandi, gagnvirk, persónuleg samskipti til menntunar barnanna.

Þeim orðlæga fókus á persónu barnanna sem hér er lýst má beina sérstaklega að tilteknu grundvallaratriði í nýhúmanískri menntunarfræði. Leikskólinn hefur á undanförunum mánuðum safnað reynslu af sérstöku náms- og þjálfunarþrógrammi sem byggir á þeirri menntunarfræðilegu grundvallarafstöðu í ný-húmanisma að styrkja beri börnin í því eðlislæga viðbragði þeirra við veröldinni að láta sér annt um hana í stóru og smáu. Þetta er vissulega góð siðræn afstaða en beint menntunarfræðilegt gildi hennar felst sömuleiðis í því að því vænna sem nemandi þykir um námsefni sitt því betur gengur honum að læra og því hraðar vex almenn námsgeta hans um leið. Leikskólinn Sælukot mun fylgja þessu námsþrógrammi eftir meðal kennara á deild elstu barna leikskólans.

(Sjá nánar í fylgiskjali 2).

3. Tiltækar bjargir leikskólans til að hámarka virka, ástúðlega nærveru kennaranna við börnin

Forsenda þess að sjálf hugmyndin um leikskóla sem menntandi stað fyrir smábörn sé raunhæf er að ríki jafnvægi á milli innbyrðis samskipta barnanna og samskipta þeirra og kennarana. Auðvitað er ekki til nein formúla að slíku jafnvægi, en merki þess að það hafi náðst eru að börnin séu skilvirk í allri nauðsynlegri endurtekningu og námslega virk í öðrum viðfangsefnum. Það geta þau vissulega verið í innbyrðis samskiptum sínum, en þau samskipti þarfnast um leið stuðnings kennaranna um leið og börnin þarfnast persónulegra, námslegra samskipta við kennarana.

Þetta kallar á skipulag sem tekur til notkunar tiltæks rýmis leikskólans, hópaskiptingar barnanna og innleiðingu viðfangsefna.

Leikskólinn mun leggja sérstaka áherslu á fernt í þessu samhengi.

1. Innrétting mismunandi rýma leikskólans í samræmi við notkun þeirra og að gefa þeim sín persónulegu, aðgreinandi einkenni.
2. Skipan barnanna í hópa og því smærri sem viðfangsefnin krefjast eða gefa kost á meiri leiðsögn kennaranna, að teknu tilliti til rýmis og mannafla og aldurs barnanna.
3. Merkingargefandi umgengni við leik- og námsgögn og annan hlutveruleika leikskólans.
4. Sameiginlegar, dýnamískar athafnir stærri hópa barna í söng, dansi, leikjum, jóga og hugleiðslu.

5. Sérkennsla

Af því leiðarljósi sem fylgt er í starfi Leikskólans Sælukots, að kennararnir stundi *virka ástúðleg nærveru með börnunum*, og því sem það felur í sér, leiðir að kennarar séu vakandi um þroska og námslegt og félagslegt gengi hvers barns. Deildarstjórar afla og halda saman tilsvarendi upplýsingum um börnin. Á fundi deildarstjóra með öðrum stjórnendum leikskólans eru allar vísbendingar um frávik barna tekin til umræðu. Ef tilefni þykir til er málefni barns eða barna lagt fyrir sérkennslustjóra sem leggur til viðeigandi viðbrögð. Þau eru yfirleitt þau að fylgst sé sérstaklega með barninu og niðurstaða þeirrar athugunar tekin til umræðu á næsta fundi. Í framhaldinu getur verið lagt fyrir kennara sérstakt tillit til barnsins og samsvarandi samskipti og ráðstafanir sem miðar að því að styrkja barnið á þeim sviðum sem hallar á fyrir því. Það getur verið að barnið eigi í óeðlilega miklum og viðvarandi erfiðleikum með að skilja við foreldri sitt eða foreldra á morgnana, að una sér ekki skemmri eða löngum stundum yfir daginn, að sýna óeðlilegan skort á líkamlegri færni í leik eða öðrum athöfnum, að ná ekki eðlilegum tengslum við önnur börn í leik eða hvaðeina sem endanlega að mati sérkennslustjóra kallar á frekari viðbrögð í kennslu og umönnun, á greiningu fagaðila ef ástæði þykir til, að höfðu samráði við foreldra, og aðgerðir sem lagðar eru fyrir að henni fenginni.

Sérkennsla nær í rauninni til allra barna, að því leyti sem kennarar kappkosta að kynnast þeim, þekkja og rækta samskipti sín og tengsl við þau. Að því sögðu geta orði tilvik sem kalla á mjög markviss viðbrögð vegna alvarlegra frávika hjá börnum og þá er brugðist við þeim sem hér hefur verið lýst.

6. Tvítýngd börn.

Í Leikskólanum Sælukoti tala kennarar allt að 15 mismunandi móðurmál, ef með eru taldir þeir sem eru tvítýngdir. Börnin búa við samanlagt eitthvað færri móðurmál í foreldrahúsum, en sum búa þó við tvítýngdar aðstæður á öðrum tungumálum en íslensku eða á íslensku og öðru tungumáli. Leikskólinn býr þannig ríkulega yfir getu í mannafla til að rækta samskipti við börn á móðurmáli þeirra. Leikskólinn Sælukot telur hins vegar að hagsmunum barnanna sé best borgið í bráð og lengd með því að íslenska sé samskiptamál þeirra í milli í leikskólanum og við kennarana sömuleiðis. Íslenska er því tungumálið sem ríkir í leikskólanum í öllum samskiptum og í öllu námsefni barnanna. Þar fyrir kunna að vera uppi aðstæður þar sem brugðið er út af þessari reglu tímabundið. Það á sérstaklega við um börn í aðlögun sem skilja íslensku. Reynslan sýnir hins vegar, að með ýrtruðu nærfærni, ástúðlegri framkomu og ræktun persónulegra tengsla þá öðlast börn sem ekki búa við íslensku í heimahúsum eðlilega öryggiskennd í leikskólanum. Kennarar skulu einmitt vera vakandi um það.

7. Umbótaáætlunin með tilliti til deilda leikskólans.

Þessi umbótaáætlun Leikskólans Sælukots tekur að sjálfsgöðu á sig breytilega mynd eftir aldri, þroska, persónuleika og aðstæðum barnanna. Því er rétt að skoða hvernig hún horfir sérstaklega við hverri deild í leikskólanum.

1. Ungbarnadeild, Stjörnuþoka, og yngri barna deild, Alheimur.

Á þessum deildum geta komið fyrir börn allt niður í eins árs aldur. Með þeirri ríkjandi forgangsröðun um leikskólaláss sem Reykjavíkurborg fylgir og þeim almenna skorti sem er á leikskólalássum í borginni, þá innritast börn sjaldnast í leikskólann fyrr en eftir riflega eins árs aldur. Á *Stjörnuþoku* og í *Alheimi* eru því börn frá þeim aldri, og fram á þriggja ára aldurinn, þau yngri að jafnaði í Stjörnuþoku, þau eldri í Alheimi. Á þessum deildum setja líkamleg samskipti kennara og barna mark sitt á allt starf deildarinnar. Því mun sú *virka, ástúðlega nærvera kennaranna í samskiptum við börnin* taka sérstaklega tillit til þess. Það felur í sér að kennarar hafi gott almennt, ástúðlegt viðmót og handbragð í samskiptum við börnin ásamt því sérstaklega að auðga og nota íslenskan orðaforða sinn í þessum samskiptum.

Sérstök áhersla er því lögð á tal kennaranna við börnin í þessum nánu líkamlegu samskiptum í starfs- og námsáætlun kennaranna.

Sérstök áhersla verður um leið lögð á tal sem ber með sér tillit til álits, vilja, hugmynda og áforma barnsins í því samhengi lífs sem þau lifa á leikskóla. Öll boð og allt inngrip af hálfu kennaranna verði á formi uppástungu, tillögu, tilboðs um val milli kosta þegar það á við og ætíð svo, að það sem barnið með einum eða öðrum hætti gerir, geri það af einlægum áhuga. Þegar barn fer í reynd að vilja kennara, þá breyti það eftir eigin vilja og vali. Þegar ekki er í raun völ á vali um athöfn barns, til dæmis um þátttöku í máltíð eða svefntíma, þá sé sérstök áhersla lögð á að barnið sættist á þá athöfn. Af því leiðir að barnið ekki aðeins sættis við viðkomandi athöfn heldur hafi traust á kennaranum, finni að hann elskar það og barninu þyki samsvarandi vænt um hann.

Leikskólinn lítur svo á, að börn á leikskólaaldri skuli lifa í ástríku flæði og því sé í öllum tjáskiptum við þau grundvallargildum mannlegs samfélags miðlað með ástúð. Þannig séu allar ákvarðanir sem teknar eru gagnvart þeim og reglur sem þeim eru settar ætíð réttlættar með gildum sem eiga rætur í ást og virðingu fyrir barninu.

Það er hluti af fagmennsku kennarans að virða vilja bansins hverju sinni en gæta um leið velferðar þess í nútíð og til framtíðar. Kennarar skuli ekki nota tilvísun í annað til að vanrækja hitt. Þannig ber kennurum, til dæmis, að sjá til þess að börnin nærast eðlilega og fullnægjandi í leikskólanum. Náist að gera þau sjálfbjarga um að matast, er það auðvitað mjög gott, en um leið á kennarinn ekki að nota sem afsökun fyrir vannæringu barns á leikskólanum að barnið sé að læra að matast sjálft eða vilji fremur leika sér en matast á mátmálstíma. Kennurum ber því á deild yngstu barnanna sérstaklega að gæta þess að þau nærast eðlilega og fullnægjandi. Sú hjálp sem þeir kunna að þurfa að veita börnunum til þess skal þó vera þeim hvatning og fyrirmynd til sjálfstæðis en ekki til getuleysis.

Annað dæmi er um frelsi barns til að velja. Leikskólinn lítur svo á að sé falskt frelsi að stilla börnunum upp frammi fyrir fyrirframákveðnum takmörkuðum valkostum. Ef kennarar taka því svo að með slíku „vali“ hafi þeir fullnægt kröfu um frelsi barnsins þá séu þeir að blekkja sjálfa sig og barnið. Barni eykst ekki frelsi með vali á takmörkuðum kostum heldur með aukinni færni í hugsun og athöfn. Skyldu kennarans með tilliti til frelsis barns er því ekki fullnægt með valfrelsi milli takmarkaðra kosta heldur með því að gera val barnsins, hvernig sem að því er staðið, áhugavert, merkingarþætt og lærdómsríkt. Þá fyrst hefur kennarinn aukið barninu frelsi þegar hann hefur sinnt þeirri skyldu sinni að gera viðfangsefni þess lærdómsríkt, en ekki bara með því að láta barninu eftir að velja viðfangsefnið. Slíkt val kann að auka barninu hvöt til lærdómsríkra athafna eða reynslu, en það kann líka að stuðla að endurtekningu þess sama og einhæfni í áhugasviðum.

Niðurstaðan er þess vegna þessi um starfið á deildum yngstu og yngri barna í Leikskólanum Sælukoti: Sönnum markmiðum um menntun barnanna verður ekki náð með neinu því sem í fljótu bragði kann að virðast geta leyst kennarann af hólmi í hlutverki sínu sem einmitt *kennari*, hvort sem það er skipulag, efnislegur búnaður, reglur, pólitísk eða önnur hugmyndafræðileg stefnumál. Allt kann þetta að skipta máli um árangur, og gerir það tvímælaust, en leysir kennarann ekki undan því hlutverki sínu að vera í virkri, ástúðlegri nánd við börnin, kynnast þeim persónulega, örva þau, hvetja og styðja persónulega í leik þeirra og öllum athöfnum.

2. Miðdeild leikskólans, Himinn.

Af virkri, ástúðlegri nærveru kennaranna við börnin leiðir, að minni hættu er á að þeim sé ekki fylgt eftir í þroska og áunninni getu. Þó skulu kennarar hafa í huga tilgang aldurstengdrar deildarskiptingar í Leikskólanum Sælukoti. Nokkur atriði skulu sérstaklega höfð í huga.

- a) Leikföng: Á Himni leitast kennarar við að beina leik barna inn á braut sköpunar. Hér eru leikföng með forskráðri endastöð á borð við pússluspil vissulega góð og gild. Pússluspil geta verið hvetjandi til sköpunar ef þau eru notuð í hófi og þess gætt að þau fylgi eftir þroska og getu barnanna. Hins vegar bjóða leikföng á borð við Legokubba upp á að börn framkvæmi sínar eigin hugmyndir með þeim. Hér er mjög mikilvægt að börnin séu studd til sköpunar með uppörvun, leiðsögn og fyrirmynd, þannig að frá því að raða saman kubbum einum eftir annan og sjá hvað kynni að koma út úr því (t.d. eitthvað sem freistandi er og ánægjulegt að rústa, sem líka kann að vera gott og gilt), þá sé kennarinn vakandi yfir og hvetjandi um hugmyndir barnsins að allri sköpun með kubbunum, styðji við framkvæmd þeirra en gæti þess þó að hún sé á forsendum barnsins. Kennarar styðji við *frjálsan leik* barnanna á sama tíma og þeir forðist eindregið að nota meintan slíkan leik þeirra sem afsökun fyrir að veita þeim ekki þá *virku, ástúðlegu nærveru* sem Leikskólinn Sælukot telur að sé grundvallaratriði í faglegu starfi þeirra.
- b) Samræður við börnin: Hér gildir það sama, að kennarar séu í tali sínu við börnin vakandi um að fylgja þeim vel eftir í þroska. Það þýðir að um leið og gætt er að því að styðja við vaxandi orðaforða þeirra í stökum orðum talið, þá styðji þeir við getu þeirra til að skilja orðasambönd og setningar og séu móttækilegir og styðji við alla viðleitni þeirra til að mynda setningar. Hér gildir að börnin tjá sig því fremur í orðum sem þau hafa meira traust til kennarans og samband þeirra við kennarana er kærleiksríkara. Vissulega er í þessum aldurshópi hægt að beita, sem kalla má, beinni kennslu í máltöku, svo sem með stuðningi mynda þar sem tiltekinn hlutur eða fyrirbæri er útgangspunkturinn og tengd hlutbundin hugtök kynnt með stuðningi mynda líka. Hér er um leið tækifæri til að koma að orðum, ekki aðeins yfir hluti heldur athafnir og atburði líka ásamt óhlutbundnum hugtökum, einkum lýsingarorðum, líka. Það má hins vegar ekki gleymast að viðfangsefnið er hér ekki einungis orðtaka barnanna og orðaforði þar með heldur hvöt þeirra og æfing í tjáskiptum við aðra. Það er hlutverk kennarans að vera sérstaklega sá viðmælandi sem börnin þarfnast til þeirrar menntunar sinnar.
- c) Söngur og dans og önnur hámenning: Leikskólinn Sælukot gengur út frá því, sem augljóst er, að mannkynið allt lifi „á grundvelli“, mætti til bráðabyrgða kalla það, sameiginlegrar menningar sinnar. Menning er í þessu tilliti öll sú sköpun, efnisleg og huglæg, sem er að verki í tilvist mannanna. Um leið og leikskólinn reynir eftir föngum að auka börnunum þá menningarlegu færni sem er þeim nauðsynleg til að svara líkamlegum þörfum sínum og auka getu þeirra til sjálfsbjargar í daglegu lífi sínu, þá er honum umhugað um að þau kynnist og tileinki sér það sem kalla mætti hámenningu mannkyns. Hún er, fræðilega talað, það sem mannkynið hefur skapað sérstaklega í viðleitni sinni til að brúa bilið á milli þess sem við af eigin daglegri reynslu og huglægri getu megnum að upplifa og þess sem við þó fáum hugboð um eða tilfinningu fyrir að sé „æðra“ slíkri „kvunndagslegri“ reynslu okkar. Í listsköpun og andspænis listum gerist það ekki síst við að

fegurðarskyn okkar er vakið umfram það „kvunndagslega“, eða að vitsmunalegum vanahugmyndum okkar um veruleikann er storkað eða við þeim hreyft eða þegar ljósmynd af andliti barns megnar að veita okkur innsýn inn í (mögulega) harmsögu þess eða vongleði eða komandi lífshlaup þess á þessari jörð. Eðli lista er að hreyfa við hugum okkar í krafti merkingar þess sem skapað er en ekki efnislegs afls þess.

Í samræmi við eðli leikskólastarfs og skyldur okkar við börnin þá kappkostum við að þau kynnist og tileinki sér eftir megni tiltekin grunnatriði í hámenningu mannkyns. Þar er söngur og dans í algerum sérflokki. Frá því að beita líkamanum til að ná stundlegum markmiðum sínum þá er honum í dansi beitt til að tjá og til að upplifa það sem ekki helgast af efnislegri þörf eða líkamsbundinni löngun eða öðru sem „kvunndagsleg“ tilvist okkar helgast af, heldur til þess að tjá og vekja tilfinningu og hugsun um eitthvað „æðra“. Þetta „æðra“ er ekki svo einungis af smekk okkar eða þeirri stöðu sem við af geðþótta helgum því, heldur af því að vera, huglægt séð, af fíngerðari toga en það sem er að jafnaði ríkjandi í hug okkar dags daglega. Í andlegri heimspeki er þetta hugræna eðli hámenningar vel skilgreint, en taugalíffræðilega má líka beinlínis mæla hlutlægt það sem huglægt er vísað til um hugræn hrif hámenningarlegra tjáningar. Í dansi við lífsförunaut sinn upplifir fólk til dæmis stundum óvænta kennd fyrir því sem það vísar til sem „innri fegurðar“ manneskjunnar. Í *Fðroyskur dansur* vaknar sterk tilfinning fyrir sameiginlegri tilvist þátttakendanna sem sé „æðri“ eigin, einstaklingsbundinni tilvist. Svo mætti lengi telja.

Sama má vissulega segja um söng. Í söng beitungum við raddfærum okkar „óvænt“ til annars en að koma tilfallandi vitrænum og eða tilfinningalegum hugmyndum og hugrenningum á framfæri við aðra og um leið til að setja þau í hlutlægt form merkingar orða. Í söng beitungum við rödd okkar til þess, næstum að segja, að komast út úr dags daglegri hugsun en inn á svið kennda og tilfinninga sem í grunninn helgast af þeirri kennd fyrir og þrá sem við höfum til fegurðar. Ekki svo að allur söngur sé einber viðleitni til að skapa fegurð, en án fegurðarskyns okkar ætti söngur þó lítið erindi við okkur mennina.

Það er því frumskylda okkar við menntun barna til hámenningar að leiða þau og styðja í söng og dansi. Önnur svið hámenningar eru vissulega ekki undanskilin, á borð við að lita og teikna, en Leikskólinn Sælukot mun rækja hámenningarlegar skyldur sínar við börnin með því fyrst og fremst að hvetja, styðja og leiða þau í þeim grundvallaratriðum hámenningar sem þeim er kleift að tileinka sér sjálf í verki.

c) Læsi: Leikskólinn hafnar því alfarið að hugtakið *læsi* sé útþynnt og því drepið á dreif með því að teygja notkun orðsins yfir alls óskylda hluti og það á tilvist sína að þakka. Ef ekki væri til ritmál og ekki væri til hæfileiki barna og hvaðeina aðferðir til að þau öðlist getu til að lesa ritmál, þá væri hugtakið *læsi* ekki til. Nákvæm merking þessa hugtaks lítur því að getunni til að vera læs á ritmáli. Öll önnur notkun þess felur þess vegna í sér samlíkingu eða myndhverfingu og býður þannig þeirri hættu heim að líta fram hjá eða gera ónákvæma grein fyrir hvað þá er við átt. Á Himni er ekki stefnt að því að börnin verði læs á ritmál á dvalartíma þeirra á deildinni, en kennarar vinna ýmsa forvinnu að lestrarkunnáttu þeirra. Sú vinna miðar að því að auka þeim áhuga á ritmáli, meðal annars með því að fá þau til að þekkja bókstafi með nöfnum og, eftir atvikum, hvað bókstafirnir „reyna að segja“ til dæmis í nöfnum þeirra sjálfra. Leikskólinn reynir þannig að auka börnunum þekkingu á ritmáli og færni í notkun þess í framtíð. Með því stuðlar leikskólinn að *læsi* barnanna. Á sama hátt hefur leikskólinn að markmiði og reynir eftir föngum að ná því markmiði að börnin öðlist þekkingu á ýmsum sviðum mannlífs og veruleikans yfirleitt. Þannig er leikskólinn vakandi yfir tæknilegum áhuga barnanna og forðast að kalla eða „fordæma“ tæknilega forvitni þeirra sem „fikt“ eða eitthvað annað verra. Einhverjir kunna að segja að með slíkri menntun sé leikskólinn að auka börnunum tæknilegt „læsi“ þeirra, og á öðrum sviðum til dæmis gróðurfarslegt „læsi“, stærðfræðilegt „læsi“ og jafnvel hámenningarlegt „læsi“ þeirra. Leikskólinn Sælukot hafnar slíkri (mis)notkun hugtaksins *læsi* og heldur sig við það sem augljóst er, að í viðleitni kennaranna til að

mennta börnin þá sé glegggra að nota hugtökin *þekking, skilningu og færni*. Barn kemst að því að með því að blása í teygjanlega gúmmíblöðru, þá þenst hún út en verður um leið nokkuð stinn viðkomu. Með því að blása í blöðru úr óteygjanlegu efni, þá getur hún vissulega orðið stinn ef haldið er áfram að blása eftir að hún hefur þó þanist út í fulla stærð sína. En sé blásið rétt nóg til þess að hún þenjst út í fulla stærð sína, þá kann hið óvænta að gerast, einkum í köldu veðri útivið, að blaðran svífi um örstutta stund til lofts. Eftir aðstæðum og þroska barna má vekja forvitni þeirra á þessari atburðarás, en líka í það minnsta byrjun á eðlisfræðilegum skilningi á henni. Að kalla þann skilning „eðlisfræðilegt læsi“ er auðvitað velkomið á meðan með því er ekki reynt að drepa á dreif hvað er hér nákvæmlega við að eiga í menntun barnanna. Sama auðvitað um þá menntun sem þeim er veitt til dæmis um þá atburðarás lífs sem þau taka þátt í að mynda með því að sá fræjum í mold og fylgjast með og vinna að uppvexti þess sem af fræjunum vex. Að kalla það „líffræðilegt læsi“ er óviðeigandi, ef það gefur til kynna að það sé sama eðlis og að vera læs á ritaðan texta. Svo er alls ekki, nema beitt sé orðafleytingum frekar rausnarlega.

Að þessu sögðu viðurkennir Leikskólinn Sælukot auðvitað það sjónarmið að eitt er að geta lesið, í tæknilegum skilning hugtaksins, að geta greint orð í mismunandi safni bókstafa og setningar í röð slíkra orða, en annað er að geta greint, eða öllu heldur skilið það sem sagt er með slíkum lesnum orðum. Með öðrum orðum að geta skilið inntak þess sem lesið er. Að vera „læs“ á hátæknilegan texta í þeim skilningi að skilja til fullnustu hvað er með honum sagt, er ekki vandræðalaus notkun hugtaksins. Megin vandinn eða hættan er sú að við gætum haldið, að geta „lesið sér til skilnings“ sé alfarið undir lestrarhæfileikum okkar komið og megi því bæta með æfingu í lestri eingöngu. Svo er auðvitað alls ekki. Sá skilningur sem texti vekur hjá barni eykst vitaskuld með þeirri æfingu í lestri á textum sem miðar að því að auka skilning á merkingu orða og þess texta sem orðin mynda. En sá skilningur er ekki nema öðrum þræði bundinn við merkingu orða heldur þekkingu almennt eða sérstaklega á þeim veruleika sem textinn fjallar um. Sjálf sagt er að auka getu barna á leikskólaaldri til að greina merkingu ritaðs máls með því að lesa fyrir þau og fjalla um þann lesna texta með þeim, en kennarar mega ekki vænta of mikils af þeirri leið til að auka þeim þann málskilning sem lesskilningur þeirra mun byggja á, hvað þá þá þekkingu almennt á veröldinni sem hann endanlega takmarkast af sömuleiðis. Fyrir aldurshóp barnanna á Himni gildir því vissulega að lesa fyrir þau ritaða texta, en ekki síður að segja þeim frá inntaki þeirra, iðulega stutt myndum, og að eiga í samræðum við þau, eins og lýst hefur verið í þessari starfsáætlun en um leið að kappkosta önnur orðlæg samskipti við þau, eins og það starfstengda náms- og þróunarverkefni sem í þessum texta hefur verið lýst felur í sér.

3. Deild elstu barna, Vetrarbraut

Það sem hér hefur verið rakið um deildir yngstu barna og miðdeild, Alheim, Stjörnuþoku og Himinn, Gildir, að breyttu breytanda, um elstu börnin í leikskólanum Sælukoti, börnin á Vetrarbraut.

Hér sem endranær er leiðarljósið *virk, ástúðleg nærvera kennaranna við börnin*. Með því móti næst sú grundvallarforsenda menntunarstarfsins að börnin finni til öryggis, að kennurunum muni ætíð þykja vænt um þau, að kennararnir séu ætíð reiðunúnir að hlusta á þau, aðstoða og leiðbeina.

Á þessum grundvelli munu kennararnir skipuleggja starfið, hafandi í huga að börnin eru í leikskóla og að allar athafnir, öll reynsla þeirra er þeim námslegt viðfang. Það þýðir að menntun þeirra hvílir ekki einungis á til þess hugsuðum kennslustundum heldur öllu því sem vist barnanna í leikskólanum ber með sér. Að öðru leyti er hægt að vísa til þess sem sagt eru um starfið almennt og á miðdeild sérstaklega, að því viðbættu að vitaskuld býður aukinn aldur upp á samsvarandi breytt viðfangsefni. Kennarar skulu þannig reyna fyrir sér um meiri beina kennslu þar sem það á við en á sama tíma líka styðja við viðleitni barnanna til frjálsra leikja, en gæta þess um leið að þeir þróist í átt að spunaleik en hafni ekki í viðvarandi endurtekningum.

Hér reynir á skipulag um fjölbreytt viðfangsefni sem reynist vera til fyrirmyndar á deildinni. Því er

trúlega skýrast að hvetja kennarana á Vetrarbraut til að halda ótrauðir áfram á sömu braut. Sérstaklega ber að fagna allri viðleitni þeirra til þróunarstarfs, hvort sem það er í ræktun matjurta, með „málfundum“ með innleggi teiknaðra myndaraða á pappír með skýrum lesnum, ljóðrænum texta með „boðskap“ eða eðlisfræðilegar tilraunir af ýmsu tagi við hæfi barna. Kennarar hafi í huga að börn eru frekar ung á deildinni og hagi samskiptum þess vegna með tilliti til þess með þó sérstakri gát á viðeigandi viðfangsefnum og kennslu þeirra elstu. Kennarar sinna á deildinni tveim mikilvægum starfstengdum námskeiðum sem jafnframt eru þróunarverkefni.

Annað felst í þeirri áherslu á orðlæg samskipti við börnin sem greint er frá fyrr í þessum texta. Það tekur tillit til, einmitt, aldurs barnanna, með því að kennarar rækta orðaforða sinn um tiltekin viðfangsefni sem gjarnan eru tengd viðkomandi þema. Aðferðin er sú að kennarar óska eftir að umsjónarmaður verkefnisins, leikskólastjóri, gefi þeim þýðingu og eða umorðun, ef þörf krefur, á orðaskiptum við börnin að þeirra vali og frekari útvíkkun þeirra. Umsjónarmaður skilar þeim texta á íslensku og í hljóðrænni upptöku.

Annað er náskaið í menntunarfræði Ný-húmanisma sem sömuleiðis er starfstengt þróunarverkefni og gerð er grein fyrir í fylgiskjali 2.

Fylgiskjal 2. Námsáætlun í menntunarfræði Ný-húmanisma fyrir kennara (á deild elstu barna) Leikskólans Sælukots..

Ný-húmanismi er það viðhorf að allt sköpunarverkið eigi rétt á viðurkenningu okkar á tilvistargildi sínu. Í menntunarfræði leikskóla þýðir þetta viðhorf, að börnin læri af okkur að sýna sköpunarverkinu umhyggju.

A. Inngangur

I.

Þegar skoðaðar eru námskrár sjálfstæðra leikskóla á Íslandi kemur ekki á óvart, að þar er að finna kafla um sérstakar áherslur þeirra í umönnun og menntun barnanna. Þessar áherslur eiga þátt í sérstöðu leikskólanna og eru hugmyndafræðilegur hvati að sjálfri tilvist þeirra. Það kemur eðlilega í hlut leikskólanna sálfra að finna kennara sem hafa áhuga og getu til að vinna eftir þessum áhersluatriðum sérstaklega. En auk þess sem íslenska háskólakerfið menntar mun færri til löggildra starfsréttinda leikskólakennara en þörf er fyrir, þá eiga þeir sem þó stunda nám til slíkra réttinda ekki kost á sérmenntun á áherslusviðum mismunandi leikskóla nema að mjög takmörkuðu leyti eða tilviljunarkennt. Þannig eiga starfsmenn til dæmis Leikskólans Sælukots ekki kost á því að íslenskir háskólar hafi samstarf um það við leikskólann að gefa þeim kost á að menntast sérstaklega í þeirri menntunarfræði Ný-húmanisma sem skapar honum þá sérstöðu sem hann kennir sig við.

Leikskólinn hefur mætt þessum tvöfalda vanda með því að kynna starfsmönnum eftir bestu getu þessa menntunarfræðilegu áherslu sína og með því að veita þeim leiðsögn í að starfa eftir henni í reynd. Smæð leikskólans, aðstæður á vinnumarkaði og á margan hátt það afarannasama og krefjandi starf sem leikskólastarfið er, hafa gert það að verkum, að þessi ný-húmaníska menntunarfræði hefur á stundum líkt og horfið undir yfirborðið í dagsins önn. Þetta er reyndar hlutskipti margra góðra yfirlýstra áforma í leikskólastarfi yfirleitt, að „dagsins önn“ tekur gjarnan yfir þau göfugu áform sem finna má í lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrám og starfsáætlunum. Það þarf ekki nema að horfa á börn klæðast til útivistar í miðlungs íslenskri veðráttu og afklæðast útifötunum

til inniverunnar að henni lokinni til að átta sig á hverjar aðstæður eru til að framfylgja í verki mörgu af því sem áformað er af góðum hug um menntun barnanna.

En þetta eru aðstæðurnar og það er líka, og kannski ekki síst, í glímunni við útigallann, vettligana og gúmmístígvélin sem menntun barnanna á sér stað og það er í henni ekki síður en í hvaða annarri „dagsins önn“ sem ný-húmanísk áherslan í starfsemi leikskólans þarf að raungerast ásamt öllum öðrum markmiðum sem leikskólinn hefur einsett sér að ná.

Það er því líka í þessari „dagsins önn“ sem menntun starfsmanna í ný-húmanískri menntunarfræði mun eiga sér stað og það er þar sem hún mun skila sér í verki.

II.

Náttúran hefur hagað því svo, að við getum í aðalatriðum fylgt leiðsögn hennar í umönnun barnanna okkar og því frekar sem þau eru yngri. Þannig er hlutverk okkar í lífi þeirra í móðurkviði að gæta að heilsu og velferð móðurinnar svo barnið dafni vel og eftir fæðingu að sinna kalli barnsins um næringu og annað (sem það krefst yfirleitt með nokkuð skýrum hætti) svo því líði vel. Með aldri barnsins verður hlutverk okkar að ýmsu leyti vandasamara vegna þess, að þótt við vissulega getum haft vellíðan þess að markmiði og mælikvarða um góða umönnun, þá fer í auknum mæli að skipta máli um velferð þess til framtíðar hvernig við náum því markmiði í nútíðinni. Ein hættan er kannski í stuttu máli sú, að við hugsum okkur, að eftir stutt skeið frumberskunnar taki við af leiðsögn náttúrunnar einhvers konar forskráðar umönnunar- og uppeldisaðferðir. Náttúran hafi lokið sinni leiðsögn og nú taki uppeldisfræðin við! Nú, eða þá ríkjandi lífshættir okkar, sem barnið skuli aðlagast og vonandi reynist því vel.

Leikskólar eru í okkar heimshluta víðtækt svar við þeim aðstæðum sem nútímalífshættir hafa skapað ungbörnum og foreldrum þeirra. Mikil alúð og vinna hefur verið lögð í ýmsar fræðilegar forsendur þeirra og verklegar útfærslur. Við skoðun kæmi ef til vill í ljós að í leikskólastarfinu ríki þó spenna eða viðvarandi óútkljáðar mótsagnir milli tveggja fræðilegra og almennt viðurkenndra sjónarmiða.

Annars vegar er það sjónarmið, sem í fræðum kom upphaflega skýrast fram í ritum Jean-Jaques Rousseau (1712-1778), að umönnun barna (sem tekur líka til þess sem við almennt köllum uppeldi þeirra og menntun) megi ekki ganga gegn náttúrulegu eðli þeirra heldur verði þvert á móti að vinna með því.

Hins vegar er það, út af fyrir sig réttmæta sjónarmið, að farsælt sé að kenna börnum frá unga aldri sem allra mest. Spennan verður þá til af því að við hugsum okkur að kennslan fylgi fyrirframákveðnum námsmarkmiðum og aðferðum til að ná þeim, en gætum ekki nægilega að því að þau markmið og þær aðferðir taki mið af, styðjist við og veki náttúrulegt frumkvæði barnanna. Friedrich Fröbel (1782-1852) gerði einmitt þetta frumkvæði barna á (núverandi) leikskólaaldri að meginatriði í menntun þeirra. Með rannsóknum sínum á frjálsum leik barna komst hann að þeirri niðurstöðu, að börnum væri ekki aðeins eðlilegt að leika sér að eigin frumkvæði heldur neyttu þau í frjálsum leik sínum ýrtruðu líkamlegra og hugrænna eiginleika sínna.

Í þeirri námsáætlun kennara um ný-húmaníska menntunarfræði í verki, sem hér er kynnt, er reynt að koma til móts við bæði þessi sjónarmið og sameina þau farsælllega. Það er reynt með því að gera glögga eftirtekt á ný-húmanísku frumkvæði barnanna að grundvelli fyrir þeirri örvun og stuðningi sem starfsmenn sýna því. Það geri þeir með því, eftir megni, að sýna frumkvæði barnanna áhuga, taka þátt í hugsmiðum þeirra og veita með þátttöku í hugðarefnum þeirra og athöfnum örvandi og farsælt fordæmi.

Með því ástundaða viðhorfi til veruleikans, lífandi og lífvana, sem í Ný-húmanisma felst, og þeirri leit að innra sjálfi, sem börnunum er leiðbeint um í jóga við hæfi barna, þá er markmiðið, að þau með því lífi góðu lífi í nútíðinni og styrkist af alheimslegri sjálfsömun sinni til framtíðar.

III.

Rómverskur hugsuður til forna Marcus Fabius Quintilianus, (35-<100) dró þá ályktun af athugunum sínum að börn lærðu best þegar þeim þætti vænt um námsefnið. Ef við nú gerum ráð fyrir að börn leiki sér vegna þess að þau hafi gaman að því, svo við einföldum verulega hvöt þeirra til að leika sér, þá kæmi Quintilianusi ekki niðurstöður Fröbels á óvart. Hann var þó ekki með hugann við börn að leik heldur börn í formlegu námi.

Svo var það, að Prabhat Ranjan Sarkar (1921-1989) kom fram með hugmyndir um að nútíma manngildissjónarmið skuli ekki aðeins gilda um fólk heldur um aðrar lífandi verur og lífvana með. Það kallaði hann Ný-húmanisma. Í honum felst, að eins og við metum annað fólk ekki eftir tilfallandi notagildi þess heldur viðurkennum við og metum tilvistargildi þess og tilvistarrett, þá skyldum við og viðurkenna og meta tilvistargildi alls sem lifir og alls sem lífvana er. Slík viðurkenning sé auðvitað ekki bara í orði heldur skyldum við leita djúps skilnings á tilvistargildi alls sköpunarverksins. Og eins og það hjálpar okkur að meta manngildi annars fólks að hafa samkennd með því, hvað þá að elska það, þá er það líka leiðin að einlægri viðurkenningu okkar á tilvistargildi alls sem er að hafa samkennd með því. Í stuttu máli, að gleðjast yfir tilvist þess og gera hag þess og hamingju að ótæmandi uppsprettu eigin hamingju.

IV.

Í leikskólastarfi koma hugmyndir þessara (og reyndar fleiri) hugsuða saman í þeirri menntunarfræði, að þar sem öll dagleg reynsla barnanna af veröldinni er þeim nám, þá læri þau af þeirri reynslu sinni því meira og betur sem þau unna heitar þessari sömu veröld.

Þá vaknar eðlilega sú spurning hvernig auka megi elsku leikskólabarna á veröldinni.

Til að svara þeirri spurningu skulum við fyrst líta á hvernig veröldin birtist börnunum. Stutta svarið við þeirri spurningu er, að hún birtist þeim

- (i) í því umhverfi sem þau eru í hverju sinni;
- (ii) í þeim atburðum sem þau taka þátt í og eða eru vitni að í því umhverfi;
- (iii) í því fólki sem þau eru í samskiptum við eða sjá og heyra;
- (iv) í þeirri frásögn í myndum og máli sem þeim er miðlað um veröldina; (v) í þeirri heimsmynd sem verður til í hugarheimi þeirra.

Við eðlilegar aðstæður í lífi barna eru þau virk í þeirri reynslu sem þau hafa af veröldinni í öllum þessum atriðum. Þannig að næst er að athuga hverjir hafa möguleika á að hafa áhrif á, einmitt, ekki aðeins hvernig veröldin tekur börnunum heldur, ekki síður, hvernig börnin taka veröldinni. Það hafa kennarar í leikskóla svo sannarlega.

Til þess að skilja hverjir þessir möguleikar eru, þá er ráð að skoða nánar hvað felst í starfi kennaranna.

V.

Leikskólastarf er með þeim hætti ólíkt flestum ef ekki öllum öðrum störfum, að hvaða hugmyndir sem við kunnum að hafa, fræðilegar eða aðrar, um hvernig eigi að mennta börn, eða það sem við almennt köllum að annast „uppeldi þeirra“, þá verður framkvæmd þeirra hugmynda aldrei endanlega smættuð niður í fyrirfram ákveðnar aðgerðir. Venjuleg „færibandavinna“ getur krafist handlagni sem sumir eigaerfitt með að læra. Þessu er oft svarað með því að einfalda þær aðgerðir sem vinnan krefst af starfsmanni. Það sama verður ekki gert í leikskólastarfi nema að mjög takmörkuðu leyti. Verklag og skipulag er auðvitað mikilvægt í leikskólanum, en að því fengnu skipta samskipti starfsmanns og barns mestu máli um árangur af starfinu. Öllu öðru í rekstri leikskólans er því ætlað að gera þessi samskipti möguleg og vel heppnað. (Sjá nánar um þetta í fylgiskjali 1)

Fyrir vikið verður leikskólastarfið aldrei betra en þau samskipti sem kennarar eiga við börnin. Það er í þeim sem raunveruleg menntun barnanna fer fram. Það er vegna þessara samskipta við börnin sem kennarar þurfa að mennta sig. Allar hugmyndir um að hægt sé að sinna leikskólastarfi eins og „færibandavinna“, þar sem verkefni kennara eru smættuð í einhverjar einfaldaðar aðgerðir, eiga ekki við. Leikskóli verður því ekki rekinn farsælllega með því að nokkrir fáir segi, af fræðilegri þekkingu sinni, til um hvað aðrir eigi að gera. Þessir „aðrir“ verða að vilja og geta miðlað börnunum af eigin persónuleika, eigin færni, eigin lífsviðhorfum í samskiptum sínum við þau.

Leikskólinn þarf skipulagningu og fjölbreytta hagnýta útfærslu sem og fræðilega og vísindalega þekkingu, en allt það er til einskis ef í samskiptum kennaranna og barnanna gerist ekki það sem skiptir máli fyrir raunverulega menntun þeirra. Að mennta barn krefst djúpstæðrar mannlegrar viðleitni sem tekur til alls persónuleika okkar, allrar lífsreynslu okkar, alls lífsviðhorfs okkar og allrar heimssýnar okkra. Að sætta sig fyllilega við þá staðreynd er forsenda raunverulegs árangurs í starfi leikskólans.

Það sem Leikskólinn Sælukot kallar eftir hjá starfsmönnum sínum, að öllu öðru fengnu, eru því hæfileikar þeirra í samskiptum við börnin. Meðvitund þeirra um að í þessum samskiptum fari hið eiginlega menntunarstarf þeirra fram og allt annað í skipulagi, búnaði, fræðum og þekkingu sem leikskólinn ráði yfir sé til þess að búa í haginn fyrir þessi samskipti.

B. Náámáætlun

Á þessum grundvelli byggir Leikskólinn Sælukot þá áætlun um ný-húmaníska menntun kennara sem hér er kynnt og hann hyggst innleiða í nánu samstarfi við þá. Að fenginni allri þeirri menntun og starfsreynslu, sem þú kannt þegar að búa yfir, er þessu skipulagi ætlað að styrkja þig í framkvæmd þeirrar ný-húmanísku menntastefnu, sem leikskólinn hefur skuldbundið sig til að starfa eftir.

Megineinkenni þessarar áætlunar er að námið fer fram í sjálfu starfinu. Þú sinnir starfi þínu sem fyrr, en beinir um leið athygli þinni og athöfnum sérstaklega að því sem ætla má að ný-húmanísk menntastefna feli í sér í reynd.

Námið fer fram í áföngum. Hverjum áfanga er ætlað að taka 4 vikur. Þessir áfangar eru einstaklingsbundnir í þeim skilningi, að nýir starfsmenn hefja nám sitt á byrjunarreit og óháð framvindu þess hjá öðrum starfsmönnum.

Að loknum hverjum áfanga færð þú skírteini því til staðfestingar og að loknum hverjum 3 áföngum verður þér úthlutað námsgráðu í ný-húmanískri menntunarfræði. Þær eru alls 3 með möguleikum á framhaldsáföngum um tiltekin sérhæfð efni.

I.

Í fyrsta áfanga beinir þú athygli þinni sérstaklega að samskiptum barnanna við önnur börn og umhverfi sitt með það fyrir augum að greina í athöfnum þeirra og tjáningu hvaðeina sem ber merki um elsku,

tillitssemi, nærgætni, samhygð eða umhyggju barnsins fyrir öðrum börnum og öðru í þeim ytri veruleika sem það lifir í. Trúlega er hentugast, að minnsta kosti í byrjun, að velja eitt barn af handahófi til þessarar athugunar. Það er trúlega líka skynsamlegt að reyna eftir megni að halda sig við

sjónarhorn athuganda en ekki að breyta á þessu stigi eigin athöfnum frá því sem verið hefði. Auðvitað er það ekki auðvelt, en hér gildir að skoða athafnir og tjáningu barns án þess að ætla sér að hafa áhrif á það umfram það sem maður annars hefði gert og kannski jafnvel minna en það. Þú getur hér vissulega ekki gerst „flugá á vegg“, það myndi ekki virka, en samt getur þú reynt eftir föngum að gerast meiri athugandi en gerandi meðan á verkefninu stendur.

Tilhögun þessarar athugunar má vitaskuld breyta eftir aðstæðum og hentugleikum. Þannig kemur vissulega til greina, að þú hafi fleiri en eitt barn til athugunar í einu og/eða hverju á eftir öðru með stuttu millibili þannig að athugunin standi í styttri tíma fyrir hvert barn. Þó þarf að hafa í huga, að þessum áfanga er ekki ætlað að afla upplýsinga um tiltekið barn eða börn heldur eingöngu að skerpa athygli þína á þeim ný-húmanísku athöfnum og tjáningu barna sem annars hefðu verið þér hulin eða hefðu farið framhjá þér. Það kann að taka langan tíma að greina hjá barni einmitt þennan hug þess til annarra barna og umhverfis síns sem við köllum umhyggju, elsku o.s.frv. Með því að hafa athyglina á mörgum börnum í einu er auðvitað líklegt að við greinum fleiri augljós tilvik af þessu tagi, en aftur á móti gæti okkur um leið yfirsést minna áberandi tilvik sem við myndum greina með því að kynnast nánar tjáningu tiltekins barns. Hugmyndin er sú, að það kunni að taka talsverðan tíma.

Að uppfylltum skilyrðum persónuverndarlaga gerir þú athugun þinni vikulega skil í sameiginlegu skjali á vef leikskólans.

Það gerir þú með því að greina í rituðu máli frá einu tilviki (eða fleirum) þar sem barn sýnir með einum eða öðrum hætti það sem við höfum kallað ný-húmaníska athöfn eða tjáningu: Elsku, tillitssemi, nærgætni, samhygð eða umhyggju fyrir hverju sem er í þeim heimi og hugarheimi sem það lifir í.

Á skipulags- og starfsdögum í leikskólanum ræða kennarar þessi tilvik með þátttöku leiðbeinanda í námskeiðinu. Markmið þeirra samræðna er að dýpka skilning okkar á þeim viðtökum sem veröldin fær hjá leikskólabörnum með sérstakri áherslu á ný-húmanískt viðbragð þeirra við þeim fulltrúum alheimsins sem þau mæta í daglegu lífi sínu.

II.

Í öðrum áfanga þessarar námsáætlunar beinir þú athygli þinni að möguleikum þínum á að styðja við og örva ný-húmanískar athafnir og tjáningu barnanna. Í þessum áfanga er eðli menntunar barna í leikskóla eðlilega í brennidepli. Við höfum séð, að leikskóli ber ekki það heiti af tilviljun. Börn leika sér að eigin frumkvæði og með því að hlúa að leik þeirra með hæfilegri þátttöku okkar í honum og stuðningi gefst okkur tækifæri til að kalla fram og efla dýrmæta eiginleika þeirra, hugræna og líkamlega. Við þekkjum líka hneigð barna til að vilja gera það sem þeim er næstum um megn hverju sinni. Með öðrum orðum hversu virk þau eru í menntun sinni. Þetta þýðir, eins og fram hefur komið, að beint hlutverk þitt í menntun barnanna á sér stað í samskiptum þínum við börnin. Menntun barnanna í Ný-húmanisma tekur mið af þessu. Þú greinir í atburðarás líðandi stundar möguleika á að styðja við og örva ný-húmaníska athöfn þeirra og tjáningu. Það gerir þú með því að fara inn í atburðarásina á forsendum barnsins, það er að segja með þeim hætti sem barnið getur tengt við. Þannig teur þú undir og styður við það ný-húmaníska frumkvæði sem þú greinir hjá barninu.

Þarna koma auðvitað ýmis sjónarmið til álita. Við getum strax nefnt til dæmis gildi þess að hrósa barni fyrir ný-húmaníska athöfn þess eða tjáningu til samanburðar við að ganga inn í atburðarásina og gefa

barninu færi á að meta sjálfst dád beggja, kennarans og barnsins. Samræður kennara á skipulags- og starfsdögum eru einmitt til þess að skoða þau sjónarmið sem koma fram þegar þeir miðla hver öðrum af reynslu sinni.

III.

Í þriðja áfanga beinir þú athygli þinni að ný-húmanískum hugmyndum og viðhorfum í heimsmynd barnanna. Það gerir þú með því að hlusta eftir ummerkjum í frásögn þeirra um samhygð, umhyggju, væntumþykju með einhverju sem þau geyma í hugarheimi sínum en ekki er á staðnum hér og nú. Með einhverjum þeim fulltrúum alheimsins sem tekið hafa sér bólfestu í hugarheimi þeirra, hvort heldur sem þeir eru úr raunheimum eða skáldskap. Hér sem fyrr kann að vera atvikum háð og aðstæðum hvort þú hefur eitt eða fleiri börn sérstaklega í sigti í þessari athugun. Þú gerir þessari reynslu þinni sömu skil og hinum fyrri.

IV.

Í þessum fjórða áfanga leitar þú leiða til að styrkja börnin til slíkra frásagna með virkri hlustun. Hér sem fyrr gildir trúlega að gæta þess að börn hafa, ólíkt okkur sjálfum á margan hátt, hugann fyrst og fremst við sjálfan veruleikann sem þau eru að segja frá, hvort sem hann er fenginn úr reynslu þeirra, skáldskap eða ímyndun. Því kunna spurningar um ástæður eða skýringar eða álit barnsins stundum að trufla það í frásögn sinni. Fremur að spyrja nánar um það sem er eða gerðist, vegna þess að það er grunnurinn að frekari samræðum um þann veruleika.

V.

Í þessum fimmta áfanga skoðar þú sérstaklega hverju þú miðlar til barnanna af eigin reynslu eða þeirra sem þú þekkir eða úr skáldskap þínum eða annarra. Barn segir frá og það gefur iðulega tilefni og tækifæri til að þú segir líka frá. Hér er gott tækifæri til að styrkja sig í frásögn sinni með því að kynna sér meðal annars sögur úr ný-húmanísku sagnasafni leikskólans. Ná þannig valdi á sögum að geta sagt þær af munni fram á þann hátt að hæfi viðkomandi hlustanda eða hlustendum, með tilliti til aldurs þeirra og þroska. Þú velur þér þannig eina sögu í viku hverri og segir frá henni og ef til vill af reynslu þinni af því að miðla henna til barnanna.

En gættu þess vel, að slíkar „sögur“ geta vegna aldurs barns eða barna og aðstæðna verið mjög misjafnar að inntaki og lengd. „Afi og amma mín áttu (líka) hest (eins og afi og amma þín). Hesturinn var alltaf glaður að sjá þau og afi klappaði honum á bakið og amma klóraði honum bak við eyrun.“ Jafnvel bara: „Sólin vekur blómin á morgnana.“

VI.

Í þessum sjötta áfanga skoðum við leik barnanna út frá ný-húmanísku sjónarmiði sérstaklega. Það verður sennilega að viðurkennast að við skiljum ekki til fullnustu hvað er að gerast í hugarheimi barns sem leikur sér. Við notum tiltekin orð yfir það og oftast segjum við og göngum út frá því að börn leiki sér vegna þess að þau hafi „gaman“ að því. Það er trúlega rétt í þeim skilningi að börn leika sér af því að þau vilja leika sér og þau vilja leika sér af því að það veitir þeim ánægju. En þar með erum við eiginlega komin að enda orsakakeðjunnar ef ekki í hring, því við vitum þar með ekki hver þessi „ánægja“ er og allra síst getum við gert ráð fyrir að hún sé sú sama í hverjum leik eða sá sama hjá öllum þátttakendum í einhverjum sameiginlegum leik barna. Við teljum okkur þó vita að það sé annað sem fær barn til að hefja leik og halda áfram í leik en það sem fær það til að taka brjóst móður sinnar eða bíta í brauðsneið og borða hana til hálfis og svo ekki meir.

Við getum því sagt með nokkurri vissu, að þegar barn leikur sér, þá hafi það vitsmunalega merkingu fyrir því. Það er tilgangslaust og tvítugga (rökfræðilega séð) að segja, að barn leiki sér vegna þess að það hafi „vitsmunalega ánægju“ af því að leika sér, hvað þá að það hefji leik til þess að hafa slíka ánægju, líkt og væri það tóbaksfíkill að kveikja sér í sígarettu. Við skyldum því láta okkur nægja að segja, að þegar börn leika sér, þá beita þau sér vitsmunalega og það til hins ýtrasta, myndi Fröbel segja. Og ólíkt okkur, þegar við leggjum sama kapalinn aftur og aftur, þá leitast börn við að þróa leik sinn, að gera í leiknum meira en þeim tekst í fyrstu. Þannig reyna þau að raða þrem kubbum hverjum upp á annan þótt byggingin riði aftur og aftur til falls við þann þriðja. Þetta er þeim sýnilega alvörumál, og það er þeim líka alvörumál hvað gerist í þróaðri, frjálsum leik þeirra.

Þess vegna er það áhugavert verkefni að athuga í þessum sjötta áfanga merki um ný-húmaníska drætti eða tilbrigði í leik barnanna. Gerðu svo þeirri athugun sömu skil og hinum fyrri.

VII.

Í þessum sjöunda áfanga skaltu skoða hvaða möguleika þú hefur til að styrkja ný-húmanísk „tilbrigði“ í leik barnanna. Hér verður ekki of oft endurtekið að leikur barna á sér stað vegna þess að þau ...leika sér! Við gætum sagt „vegna þess að þau vilja leika sér“, en þessi „vilji“ þeirra til þess er trúlega svona ámóta og „vilji“ þinn til að horfa á sólarlagið eða til að klífa fjall. Leikurinn hrífur börnin, en hann er um leið viðkvæmur fyrir afskiptum af honum. Öll inngrip okkar í leik barnanna verða að miða að því að styrkja leik þeirra og við þurfum að gæta þess að afvegaleiða hann ekki eða drepa honum á dreif. En þegar leikurinn hefur náð að þróast á sínum forsendum, getum við sagt, þá er mögulegt að hafa áhrif á þá merkingu sem í honum felst. Sem þýðir, að þegar til dæmis „búðarleikur“ eða „skrifstofuleikur“ hafa náð að þróast, svo algeng „mótíf“ í frjálsum leik barna séu nefnd, þá er lag að koma til dæmis málefnum dýra, trjáa eða fjallalækjar á dagskrá í leik þeirra án þess að setja leikinn úr skorðum eða drepa hann niður.

VIII.

Ný-húmanískar athafnir úti í náttúrunni.

Hér er auðvitað um margt að velja. Vel má hugsa sér að fari saman athugun á tilfallandi nýhúmanískum gjörðum barnanna og hvatning þín til slíkra dáða. Það fer eftir áhuga þínum og aðstæðum og auðvitað best að leggja þetta verkefni einfaldlega í þínar hendur!

IX.

Lokaverkefni: Ný-húmanísk leikverk, brúðuleikhús, söngleikur, skipulagðir leikir.

Fylgiskjal 3. Leikskóladagatal Sælukots <https://saelukot.is/index.php/dagatal/>

Fylgiskjal 4. Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans fyrir leikskólaárið 20232024

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð Sælukots hefur yfirfarið starfsáætlun leikskólans fyrir árið 2023-2024 í samráði við stjórnendur Sælukots. Foreldraráð styður starfsáætlunina sem að mati ráðsins er hnitmiðuð og lýsandi fyrir hugmyndafræði og starfsemi skólans.

Framtíðarsýn Sælukots er heildræn og er markmið hennar að stuðla úrbótum í samræmi við Ytra mat á starfi leikskólans sem fór fram á liðnu skólaári. Í starfsáætlun leikskólans er lögð sérstök áhersla á bæta faglegt starf kennara með aukinni þjálfun þeirra. Það er ánægjulegt að í starfsáætlun er lögð sérstök áhersla á aðferðir til þess að bæta íslenskukunnáttu starfsfólks og þá er áfram lögð áhersla á aðferðir til þess að örva talmál á íslensku með tilliti til þarfa fjöltyngdra barna.

Foreldraráð tekur undir niðurstöður Ytra matsins um að starfsfólk leikskólans leiðbeini og eigi samskipti við börnin með ástúð og hlýju að leiðarljósi. Leikskólinn býr yfir miklum mannauð og það er ánægjulegt að leikskólinn leggur sérstaklega áherslu á ástúð og nærveru starfsfólks við börnin. Ástúð og nærvera er grundvöllur að vellíðan barna og vönduðu skólastarfi.

Að lokum vill Foreldraráð ítreka ánægju og þakklæti með þann hreina og næringarríka mat sem eldaður hefur verið fyrir börnin á leikskólanum. Er það von ráðsins að áfram verði byggt á þeirri stefnu þegar næring barna á leikskólanum er annars vegar.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Foreldraráðs,



Asa Jonsdóttir

Fylgiskjal 5. Um mat GETA á matsþáttum 7 og 9 í ytra mati þess.

Ástæða er þó til að gera athugasemd við þá aðdróttun sem viðrist felast í lágri einkunnagjöf matsþátta sem hér eru númeraðir 7 og 9.

Um þann síðari er það að segja, að leikskólinn hefur í alls engu gefið til kynna eða sýnt í verki að öll börn séu ekki hjartanlega velkomin í leikskólann, án tillits til hvers sem vera skal.

Um þann fyrri er það að segja, að leikskólinn lítur svo á, að lýðræði í tilvist barna á leikskóla fari ekki fram með hermileikjum af stjórnmalasviðinu þar sem meðal annars gildir að tölulegur meirihluti fólks getur útilokað tölulegan minnihluta frá þátttöku, áhrifum og jafnvel hlutdeild í sameiginlegum gæðum. Þvert á móti heldur leikskólinn á lofti og vinnur kerfisbundið eftir sígildum gildum réttlætis, tillitssemi, skynsemi og samábyrgðar, sem auðvitað eru um leið hin eiginlegu gildi lýðræðis á því samfélagslega sviði sem leikskóli er á. Það gerir leikskólinn á grundvelli eigin hugmyndafræði sem rímar fullkomlega við lýðræðisákvæðið í Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011, að leggja skuli áherslu á „gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag“. Hvaða gildi skyldu það vera sem hér er vísað til önnur en þau sem kennararnir í Leikskólanum Sælukoti hafa að leiðarljósi í allri umgengni sinn við börnin? Og hvaða starfshættir eru það sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag aðrir en einmitt þeir, að kennararnir hafi ætíð að leiðarljósi að gera tilvist barnanna í leikskólanum að sameiginlegu viðfangsefni þeirra allra, sem þeir svo fylgja eftir með þeirri kærleiksríku framkomu sem réttilega er getið um í skýrslu GETA og ætíð á grundvelli þeirra klassísku grunngilda sem Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 talar fyrir.

Hér er brýnt að skoða hlutina af meiri dýpt en þeirri að máta lýðræði í leikskólastarfi við mólél af lýðræði á pólitískum vettvangi. Ég myndi hvetja GETA og reyndar alla sem koma að leikskólastarfi til að lesa í þessu samhengi til dæmis, eða reyndar einkum, það sem ég hef skrifað um þetta efni af fenginni áratuga reynslu og íhugun. Helstu atriði þeirrar íhugunar koma skýrt fram í ritrýndri grein minni frá árinu 2016 á eftirfarandi slóð:

<https://netla.hi.is/lydraedi-i-frjalsum-leik-barna/>

Fylgiskjal 6. Um hlutverk orða í skilningi okkar og misskilningi á börnum

<https://netla.hi.is/obodinn-gestur-i-ordraedu-um-born/>

Heildar-umbótaáætlun Sælukots í kjölfar ytra mats 2023.

Þættir í ytra mati sem unnið verður að 2023-2026.

YTRA MAT: GETA GÆÐI

Ytra mat

Ytra mat var framkvæmt í leikskólanum Sælukoti í desember 2022 – janúar 2023 af [Geta gæði](#). Geta er óháður úttektaraðili og ytra mat Getu er ætlað að vera umbótamiðað lærdómsferli sem bætir gæði skólustarfs. Úttekt ytra mats felur í sér rannsóknarvinnu og gagnaöflun sérfræðinga, samráðsfundi, ráðgjöf og vettvangsheimsóknir sérfræðinga. Geta fylgir í starfsemi sinni útgefnum gæðaviðmiðum Menntamálastofnunar í málefnum grunnskóla og gæðaviðmiðum Reykjavíkurborgar í málefnum leikskóla sem Menntamálastofnun vinnur einnig út frá.

Geta sérhæfir sig í þjónustu á sviði gæðastarfs í skólum og vinnur út frá þeirri hugmyndafræði að vandað skólustarf sé hornsteinn samfélagsins.

Gerð umbótaáætlunar

Í kjölfar ytra mats var þessi umbótaáætlun unnin.

Annað sem tengist umbótaáætlun leikskólans

Í kjölfar ytra mats gerir leikskólinn umbótaáætlunir eins og hér segir:

1. Viðmið sem koma út á gulu og rauðu í gögnum Geta gæði úr ytra mati eru þættir til umbóta. Leikskólinn Sælukot gerir heildaráætlun um umbætur til næstu þriggja ára (2023-2026) og sýnir hvaða þáttum á að ljúka hvenær, skipt niður eftir árum (2023-2024 – 2024-2025 – 2025-2026).
2. Leikskólinn Sælukot ákveður forgangspætti sem unnið verður með næsta ár (2023-2024) og birtist í starfsáætlun leikskólans 2024-2025/undir umbótaætlun.

Mælikvarðar

Mælikvarðar er hugtak sem er notað til að gefa til kynna, staðsetja og sýna hver sé árangur aðgerða. Mælikvarðar eru til þess að aðstoða við að rýna, skilja og segja fyrir um ákveðna þætti.

Mælikvarðar Getu eru settir fram í stigagjöf sem er á kvarðanum 0-100 og er almennt viðurkenndur sem hentugur kvarði. Geta byggir mælikvarða sína að mestu leyti á mælikvörðum Reykjavíkurborgar. Mælikvarðar Getu eru sex (dökk grænn, grænn, ljósgrænn, gulur, appelsínugulur og rauður) mælikvarðar Reykjavíkurborgar eru fimm. Stig yfir tölunni 50 flokkast sem styrkleiki og stig sem eru með töluna 50 og lægri mælast sem veikleiki og gefa tilefni til umbótaáðgerða.

| | | |
|----------|---|--------------------------|
| 91 - 100 | Yfirgripsmiklar og mjög skýrar vísbendingar um gæðastarf á öllum sviðum | Styrkleikar |
| 71 - 90 | Mjög skýrar vísbendingar um gæðastarf á flest öllum sviðum | |
| 51 - 70 | Skýrar vísbendingar um gæðastarf á flestum sviðum | |
| 31 - 50 | Ágætis vísbendingar um gæðastarf á viðeigandi sviðum | Veikleikar Sóknarfæri |
| 11 - 30 | Einhverjar vísbendingar um gæðastarf á sumum sviðum | |
| 0 - 10 | Nánast engar vísbendingar eða bara hugmyndir um gæðastarf | |

Stjórnun - Daglegur rekstur

| Matspáttur | Niðurstaða | Umbótaaðgerðir | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Mats- og mælitæki Hvernig metið? | Viðmið um árangur |
|---|---------------------------|--|--|--|--|---|--|
| Útskýring: Viðmið sem kom út á gulu eða rauðu og er til umbóta. | Niðurstaða ytra mats Gæði | Útskýring: Hvaða leiðir á að fara til að ná að bæta þennan matspátt. T.d. upplýsingagjöf, fundir, fræðsla, bæta verkferla og fl. | Útskýring: Hver ber ábyrgð á því að halda utan um þetta „verkefni“, boða fundi og leiða það. | Útskýring: Hvenær á að byrja með „verkefnið“ / umbótapáttinn. (2023 eða 2024 eða 2025) | Útskýring: Hvenær á að ljúka þessum þætti. (2024 eða 2025 eða 2026?) | Útskýring: Hvaða leiðir á að nota til að meta aðgerðirnar. T.d. með könnun, með því að greina, búa til áætlun, yfirfara tékklista og svo frv. | Útskýring: Hvaða árangri á að ná? T.d. 85% nemenda í könnun, allir starfsmenn hafi farið í starfsmannaviðtal, ákveðið verkefni er á hverju ári eða t.d. 2x á ári, áætlun, öll börn fara í hugleiðslu, myndrænt skipulag er á öllum deildum og svo frv. |
| Unnið er eftir Verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna. | 31-50 | Sjá starfsmannahandbók | Leikskóla stjóri og deildarstjóra | Lokið nú þegar | Lokið nú þegar | Á reglulegum vikulegum fundum deildarstjóra er aðlögun nýrra starfsmanna metin. | Frammistaða í samskiptum við börn og starfsmenn |
| Stjórnendateymi skiptir með sér verkum við stjórnun og miðlar upplýsingum sín á milli. | 31-50 | Á reglulegum fundum, skýr verkaskipting á milli stjórnenda. Kemur fram í starfsmannahandbók | Leikskóla stjóri og rekstrarstjóri | ferli | Maí 24 | Starfsmannahandbók endurskoðuð reglulega | Flæðið í starfi leikskólans metið. |
| Starfsþróunarsamtöl eru tekin a.m.k. einu sinni á ári. | 31-50 | síðast í maí 2023 | Leikskóla stjóri | ferli | Maí 24 | Fyrir Maí 2024, ár hvert | Skráning viðtala |
| Stjórnendateymi skipuleggur og samhæfir störf starfsfólks í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu. | 31-50 | í samræmi við menntun, sérhæfingu, reynslu og færni í starfi | Leikskóla stjóri, rekstrarstjóri og deildarstjórar | ferli | Maí24 | Í samtölum við starfsfólk, rýna í mannauðinn hverju sinni | Verkaskipting með tilliti til þessara atriða |
| Niðurstöður starfsþróunarsamtala eru skráðar og þeim fylgt eftir | 11-30 | Einstaklingssamtal við alla starfsmenn árlega | Leikskóla stjóri | Jan24 | Maí24 | Einstaklingsamtöl hafa farið fram á vorönn | Samtöl við kennara og þátttaka þeirra í náms og þróunarverkefnum. |

| | | | | | | | |
|---|-------|--|----------------------|-------|--------|---|---|
| Starfsfólk fær samningsbundinn undirbúningstíma | 11-30 | Hver starfsmaður hefur sundurliðaða stundaskrá fyrir undirbúningstíma með sérstakri áherslu á starfstengda menntun og þróunarverkefni. | Leikskól a stjóri | Jan24 | Mái 24 | Deildastjórar taka saman greinagerð um undirbúningstíma starfsfólks á sinni deild | Sundurliðuð stundaskrá fyrir undirbúningstíma . |
|---|-------|--|----------------------|-------|--------|---|---|

| | | | | | | | |
|---|-------------------|--|-------------------------------------|--------------|--------------|---|--|
| Verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum liggja fyrir og unnið er eftir þeim. | 11-30 | Sjá starfsmannahandbók | Leikskól a stjóri | Lokið | | Starfsmannhandbók endurskoðuð tvisvar á ári | Sjá handbók kennara og skráða fundi til að leysa úr minnstu ágreinismálum. Sjá starfsmannakönnun um árangur þessa. |
| Stjórnun – Kennslufræðileg forysta | | | | | | | |
| Matspáttur | Niðurstaða | Umbótaaðgerðir | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Mats- og mælitæki Hvernig metið? | Viðmið um árgangur. |
| Leikskólastjóri hvetur leikskólakennara og annað starfsfólk markvisst til að auka sífellt gæði náms og starfs. | 31-50 | Með samtölum og skriflegu efni til kennara | Leikskól a stjóri | ferli | Mai24 | Í daglegum samtölum við starfsfólk og stjórnendur | Sjá starfsáætlun og eftirfylgni leikskólastjóra og annarra stjórnenda með markmiðum hennar. |
| Stjórnun - Faglegt samstarf | | | | | | | |
| Matspáttur | Niðurstaða | Umbótaaðgerðir | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Mats- og mælitæki Hvernig metið? | Viðmið um árgangur. |
| Stjórnendur eru vakandi fyrir samstarfsmöguleikum og hvetja starfsfólk til þátttöku í verkefnum innan og utan leikskólans | 31-50 | Samstarf milli deilda, nýta mannauðin Kennum hvort örðu. Hvatt er til samstarfs og styrkingar utan skólans | Leikskól a stjóri | ferli | Mai24 | Í samtölum og könnun meðal starfsmanna | Sjá starfstengd náms og þróunarverkefni sem kennarar taka þátt í, smbr starfsáætlun. |
| Formlegir fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar og aðgengilegar. | 11-30 | Fundir eru boðaðir með dagskrá, fundargerð rituð og send út til starfsmanna | Leikskóla stjóri og rekstrars tjóri | ferli | Mai24 | Sjá dagskrá og fundargerðir eftir skólaárið | Sjá útsendar fundargerðir og skrifleg boð á óreglulega fundi, annars fastan tíma þeirra. |

| | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|

| Leikskóli margbreytileikans | | | | | | | |
|---|-------------------|--|--------------------------------------|--------------|--------------|---|--|
| Matspáttur | Niðurstaða | Umbótaaðgerðir | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Mats- og mælitæki Hvernig metið? | Viðmið um árgangur. |
| Samstarf og samvinna er við sérfræðinga/sérfræðipjónustu utan leikskólans. | 31-50 | Samstarf við leikskóladeild Vesturmiðstöðvar | Leikskóla stjóri og sérkennslustjóri | Ferli | Mai24 | Kemur fram í satrfsáætlun og unnið ennfrekar að góðu samstarfi og ráðgjöf | Sjá þau mál sem sérkennslustjóri hefur unnið að í slíku samstarfi og samvinnu vegna barna í leikskólanum |
| Leikskólasérkennarar, þroskapjálfar eða starfsfólk með sambærilega menntun starfar innan leikskólans. | 11-30 | Unnið að því markvisst að fagmennta hlutfall starfsfólk. | Rekstrarstjóri | í ferli | Mai 24 | Auglýst eftir fagmenntuðum, metið með ráðningarsamningum | Menntaður sérkennari er starfandi í leikskólanum. |
| Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning. | 11-30 | Starfandi sérkennslustjóri í leikskólanum. (Auglýst er eftir sérkennslustjór). | Leikskóla stjóri og sérkennslustjóri | í ferli | Mai 24 | Sérkennsluráðgjafar í leikskólaskrifstofu Vesturmiðstöðvar skoða einstaklingsáætlanir. | Sjá skýrslur sérkennslustjóra. |
| Farið er eftir ákveðnu ferli ef grunur vaknar um frávik hjá barni. | 11-30 | Skráning deildarstjóra og athuganir sérkennslustjóra leiða til viðtalsbeiðni eða tilvísana til Vesturmiðstöðvar. | Leikskóla stjóri og sérkennslustjóri | í ferli | Mai 24 | Sérkennsluráðgjafar í leikskólaskrifstofu Vesturmiðstöðvar skoða einstaklingsáætlanir. | Sjá vinnu sérkennslustjóra í slíkum tilvikum, Sjá starfsáætlun |
| Teymi er myndað um börn með alvarleg frávik. | 11-30 | Farsældarlög: Lausanarteymi og tengiliður. | Leikskóla stjóri og sérkennslustjóri | í ferli. | Mai 24 | Í starfsáætlun kemur fram hver er í lausanarteymi og hver er tengiliður skólans. | Sjá tilvik sem sérkennslustjóri hefur unnið með. |
| Stöðufundir sérfræðinga, stuðningsaðila og foreldra eru haldnir reglulega. | 11-30 | Reglulegir fundir haldir í leikskólanum. | Leikskóla stjóri og sérkennslustjóri | í ferli | Mai 24 | Sérkennsluráðgjafar í leikskólaskrifstofu Vesturmiðstöðvar fá fundarboð og eru upplýstir um stöðu mála. | Sjá tilvik sem sérkennslustjóri hefur unnið með. |
| Mati, úrræðum og verkefnum er fylgt eftir með skipulögðum hætti. | 11-30 | Sérkennslustjóri fylgir eftir ásamt deildarstjóra í samvinnu við sérkennsluráðgjafa leikskólaskrifstofu. | Leikskóla stjóri og sérkennslustjóri | í ferli. | Mai 24 | Haldið utan um mál sem fylgt er eftir og sérkennsluráðgjafar setja í málaskrá. | Sjá tilvik sem sérkennslustjóri hefur unnið með. |

| | | | | | | | |
|---|-------|---|----------------------|---------|--------|--|--|
| Verkferlar vegna sérfræðipjónustu eru skýrir og | 11-30 | Þeir eru virkjaðir um leið og kennarar og eða foreldrar telja ástæðu til að taka barn til | Leikskól a stjóri og | í ferli | Mai 24 | Kallað er til sérkennslusluráðgjöf frá Vesturmiðstöð. Starfsfólk og foreldrar eru upplýstir. | Sjá tilvik sem sérkennslustjóri hefur unnið með. |
|---|-------|---|----------------------|---------|--------|--|--|

| | | | | | | | |
|---|-------------------|---|--------------------------------------|--------------|--------------|---|--|
| aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum. | | athugunar vegna vísbendinga um frávik. Sjá m.a. starfsáætlun. | sérkennslustjóri | | | | |
| Starfsfólk fær upplýsingar og stuðning til að framfylgja markmiðum einstaklingsnámskráa. | 11-30 | Í umsjón sérkennslustjóra, deildastjóra og sérkennsluráðgjöfum | Leikskóla stjóri og sérkennslustjóri | ferli | Maí24 | Í samtölum og könnunum meðal starfsfólks | Sjá tilvik sem sérkennslustjóri hefur unnið með. |
| Starfsfólk sækir námskeið til að auka fagþekkingu sína á þroskafrávikum og sérúrræðum barna á leikskólanum. | 0-10 | Kemur fram í starfsáætlun-Fylgiskjal 1 Leikskólastjóri er með íslenskukennslu fyrir allt starfsfólk og orðalista- | Leikskóla stjóri og sérkennslustjóri | | | Verið er að auglýsa eftir sérkennslustjóra | Sérfræðingar fengnir til námskeiðshalds á starfsdögum |
| | | | | | | | |
| Leikur og nám, lýðræði og þátttaka barna | | | | | | | |
| Matsþáttur | Niðurstaða | Umbótaaðgerðir | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Mats- og mælitæki Hvernig metið? | Viðmið um árgangur. |
| Sjálfsprottnum leik og athöfnum barna er gefið nægjanlegt svigrúm. | 31-50 | Sjálfsprottnur leikur er hluti af daglegu skipulagi í leik barna | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Maí 24 | Sjá dagskipulag leikskólans | Sjá starfsáætlun: Virk, ástúðleg nærvera kennara með börnunum. |
| Viðfangsefni höfða til margvíslegra áhugasviða barna. | 31-50 | Kemur fram í starfsáætlun fjölbreytt viðfangsefni í dagskipulagi fyrir börn | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | Jan24 | Maí24 | Sjá dagskipulag leikskólans | Sjá starfsáætlun: Virk, ástúðleg nærvera kennara með börnunum |
| Börnin eru hvött til að deila reynslu sinni, hugmyndum og tilfinningum. | 31-50 | Áhersla á samræður við börn og fá þeirra hugmyndir | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Maí24 | Endurmat í maí 2024 | Sjá starfsáætlun: Virk, ástúðleg nærvera kennara með börnunum |
| Börnin hafa val um fjölbreytt viðfangsefni. | 11-30 | Kemur fram í starfsáætlun fjölbreytt viðfangsefni í dagskipulagi fyrir börn | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Maí24 | Dagskipulag og viðfangsefni inni á hverri deild | Sjá starfsáætlun: Virk, ástúðleg nærvera kennara með börnunum |

| | | | | | | | |
|--|-------------------|---|------------------------------------|--------------|--------------|---|---|
| Börnin hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda (hópastarf, valstund, samveru o.s.frv.). | 11-30 | Börnum skipt í hópa og notast er við dagskipulag | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Mái24 | Dagskipulag og viðfangefni inni á hverri deild | Sjá starfsáætlun: Virk, ástúðleg nærvera kennara með börnunum |
| Leitað er eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær. | 11-30 | Börnum skipt í hópa og notast er við dagskipulag | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Mái24 | Dagskipulag og viðfangefni inni á hverri deild | Sjá starfsáætlun: Virk, ástúðleg nærvera kennara með börnunum |
| Börnin koma reglulega að mati á leikskólasterfi. | 11-30 | Samtöl við börn | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Mái24 | Samtöl við börn er reglulegur hluti í starfi leikskólans | Sjá starfsáætlun: Virk, ástúðleg nærvera kennara með börnunum |
| Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að fá fram sjónarmið barna. | 11-30 | Samtöl, hugmyndakassi, hópastarf | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Mái24 | Samtöl við börn er reglulegur hluti í starfi leikskólans | Sjá starfsáætlun: Virk, ástúðleg nærvera kennara með börnunum |
| Leitað er leiða til að fá fram raddir barna sem enn hafa ekki öðlast næga færni í tungumálinu. | 31-50 | Sjá starfsáætlun, unnið er markvisst í að efla málþroska allra barna | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Mái 24 | Samtöl við börn er reglulegur hluti í starfi leikskólans, samtöl við deildastjóra og áhyggjur koma þar fram | Sjá starfsáætlun: Virk, ástúðleg nærvera kennara með börnunum |
| Mat á námi og velferð barna | | | | | | | |
| Matsþáttur | Niðurstaða | Umbótaaðgerðir | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Mats- og mælitæki Hvernig metið? | Viðmið um árgangur. |
| Reglulegar skráningar eru gerðar á framförum allra barna. | 31-50 | Skráning er gerð á framförum barna með gátlistum, t.d. menntastefnu, Tras, Efi og Hljóm, ljósmyndir | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Mái24 | Skrifleg gögn og ljósmyndir | Sjá skráningu deildarstjóra |

| | | | | | | | |
|---|-------|--|------------------------------------|--|--|---|--|
| Skráningar eru nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í starfi með þeim. | 31-50 | Kemur fram í starfsáætlun sjá fylgiskjöl | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | | | Samtöl við börn er reglulegur hluti í starfi leikskólans, samtöl við deildastjóra og áhyggjur koma þar fram | Sjá þennan lið í reglulegum fundum deildarstjóra og annarra stjórnenda |
|---|-------|--|------------------------------------|--|--|---|--|

| | | | | | | | |
|---|-------------------|---|------------------------------------|--------------|--------------|--|---|
| Fjölbreytt gögn eru lögð til grundvallar mati á námi og stöðu barna (s.s. ferilmöppur, skimanir, athuganir, upplýsingar frá foreldrum, daglegar skráningar og viðtöl við barnið). | 11-30 | Skráning er gerð á framförum barna með gátlistum, t.d. menntastefnu, Tras, Efi og Hljóm, ljósmyndir | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Mai24 | Samtöl við börn er reglulegur hluti í starfi leikskólans, samtöl við deildastjóra og áhyggjur koma þar fram. Skrifleg gögn og ljósmyndir | Sjá þennan lið í reglulegum fundum deildarstjóra og annarra stjórnenda |
| Aðferðir sem notaðar eru til að meta nám og stöðu barna eru endurmetnar reglulega. | 11-30 | Skráning er gerð á framförum barna með gátlistum, t.d. menntastefnu, Tras, Efi og Hljóm, ljósmyndir | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Mai 24 | samtöl við deildastjóra og áhyggjur koma þar fram. Skrifleg gögn og ljósmyndir | Sjá þennan lið í reglulegum fundum deildarstjóra og annarra stjórnenda |
| Starfsfólk hefur svigrúm til að sinna skráningu og mati. | 0-10 | Veita starfsfólki til undirbúnings | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | Jan. 24 | Mai 24 | Ljósmyndir og skriflegar skráningar. | Sjá skráningu deildarstjóra |
| Starfsfólk fær leiðbeiningar og stuðning við gagnasöfnun og skráningu. | 0-10 | Leiðsögn um gagnasöfnum og skráningu á starfsmannafundi eða skipulagsdegi | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | Jan24 | Mai 24 | Með fundargerð frá starfsmannafundi eða skipulagsdegi | Sjá þennan lið í reglulegum fundum deildarstjóra og annarra stjórnenda |
| Viðurkenndar matsaðferðir og skimanir eru notaðar þegar við á. | 0-10 | Nýta t.d. Hljóm-2, Efi, Tras við skimanir. Auglýst hefur verið eftir sérkennslustjóra | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | Jan24 | Mai24 | Niðurstöður viðkenndrar matsaðferða rýndar með sérkennslustjóra og deildastjórum. | Sjá meðal annars vinnu sérkennslustjóra og viðbrögð leikskólans við öllum vísbendingum um frávik. |
| | | | | | | | |
| Námssvið leikskólans | | | | | | | |
| Matspáttur | Niðurstaða | Umbótaaðgerðir | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Mats- og mælitæki Hvernig metið? | Viðmið um árgangur. |
| Unnið er markvisst með heimamenningu allra barna. | 31-50 | Unnið er markvisst að því að börnin skilji að þau eiga hlutdeild í sameiginlegri menningu alls mannskyns. | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Mai24 | Birtist í sjálfsöryggi og líðan barna og starfsmanna | Sjá meðal annars framkvæmd þessarar stefnu í Kærleikshringnum |

| | | | | | | | |
|--|-------|---|------------------------------------|-------|-------|---|-------------------|
| Unnið er markvisst með menningu í leikskólanum og það endurspeglast bæði í | 31-50 | Kemur fram í starfsáætlun – kafli 7 og Fylgiskjal 2 | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Maí24 | Tilgreint í starfsáætlun, m.s söngur, dans og tónlist | Sjá starfsáætlun: |
|--|-------|---|------------------------------------|-------|-------|---|-------------------|

| | | | | | | | |
|--|-------|--|------------------------------------|-------|--------|--|---|
| námskrá og starfi (s.s. með tækifærum barna til að njóta menningar og lista, jafnt innan sem utan leikskólans, kynningu á ... | | | | | | | |
| Unnið er markvisst að sköpun í leikskólanum og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi. | 31-50 | Kemur fram í starfsáætlun og daglegurstarfi leikskólans | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Maí24 | Dagskipulagi og starfsáætlun leikskólans | Sjá starfsáætlun |
| Unnið er með frásagnir, sögur, söng, ljóð og ævintýri. | 11-30 | Kemur fram í starfsáætlun og daglegurstarfi leikskólans. Dæmi, leikskólastjóri og tónlistarmenn innan skólans hefja hvern dag á söng og tónlist | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Maí24 | Dagskipulagi og starfsáætlun leikskólans | Sjá dagskrá keildanna |
| Í sköpun er áhersla lögð á ferlið fremur en afurðina. | 11-30 | Kemur fram í starfsáætlun og daglegurstarfi leikskólans | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Maí 24 | Dagskipulagi og starfsáætlun leikskólans | Sjá dagskrá keildanna |
| Unnið er markvisst að eflingu læsis í víðum skilningi og það endurspeglast bæði í námskrá, áætlun um læsi og í starfi (s.s. læsi á umhverfi, tækni, samskipti, menningu, tákn, myndmál, ritmál og töl... | 11-30 | Með áherslu á áhuga og þekkingu á tilvist og grundvelli ritaðs máls, en þekkingu og færni barnanna á sem flestum sviðum þess utan. Sjá starfsáætlun. | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Maí 24 | Áhersla á málörvun og læsi daglegu starfi leiskólans | Sjá starfsáætlun |
| Námsumhverfi styður við máltöku og málproska barna, s.s. samskipti, verkefni og efniviður. | 11-30 | Námsumhverfi er styðjandi við nám barnanna. Festa orð í sessi og talning | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Maí24 | Sést á veggjum skólans og áherla lögð á málörvun í leik og starfi með börnum | Sjá starfsáætlun: Virk, ástúðleg nærvera kennara með börnunum |
| Ritmál er sýnilegt innan leikskólans. | 11-30 | Námsumhverfi er styðjandi við nám barnanna. Festa orð í sessi og talning | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Maí24 | Sést á veggjum skólans og áherla lögð á málörvun í leik og starfi með börnum | Sjá mismunandi rými leikskólans og sýnilegt og aðgengilegt annað ritmál |

| | | | | | | | |
|---|-------|--|--|-------|-----|---------------------------------|-----------------------|
| Unnið er markvisst að eflingu vísinda meðal barna í leikskólanum og það | 11-30 | Er gegnum gangandi í starfinu og áfram unnið að þessum þætti | Leikskóla stjóri og deildarstj ó rar | ferli | maí | Dagskipulagi og starfsáætlun | Sjá dagskrá deildanna |
|---|-------|--|--|-------|-----|---------------------------------|-----------------------|

| | | | | | | | |
|---|-------------------|---|---|--------------|--------------|---|--|
| endurspeglast bæði í námskrá og starfi. | | | | | | | |
| Skipulag náms og námsaðstæður | | | | | | | |
| Matspáttur | Niðurstaða | Umbótaaðgerðir | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Mats- og mælitæki Hvernig metið? | Viðmið um árgangur. |
| Efniviður, s.s. myndir á veggjum, bókakostur og leikefni, endurspeglar margbreytileika mannlífsins (útlit, færni, aldur, fjölbreytt tungumál, fjölbreyttar fjölskyldugerðir o.fl.). | 31-50 | Í starfsáætlun og áfram unnið að fjölbreyttu efni og aldursvarnadi fyrir börn | Leikskóla stjórnari og deildarstjórnari | ferli | Mái24 | Í samtölum við deildastjóra og hvernar deilda | Sjá meðal annars iðkomvandi efnivið, s.s. myndir á veggjum, bókakostu og leikefni |
| Í dagskipulagi er jafnvægi milli rólegra og fjörugra athafna. | 31-50 | Morgunhringur á hverjum degi og tækifæri til ærsla | Leikskóla stjórnari og deildarstjórnari | ferli | Mái24 | Fjölbreytni í dagskipulagi leikskólans | Sjá dagskrá |
| Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og leik- og námsefni). | 31-50 | Húsnæði hentar vel til leikskólareksturs. Mörg fjölnotarými. | Leikskóla stjórnari og deildarstjórnari | ferli | Mái24 | Skipta barnahóp í rými reglulega | Sjá sérhæfingu rýma og notkun þeirra |
| Dagskipulag veitir svigrúm til að mæta þörfum allra barna (s.s. með stuðningi og sérfræðipjónustu). | 31-50 | Dagskipulag endurskoðað reglulega. Virk hópaskipting barna | Leikskóla stjórnari og deildarstjórnari | ferli | Mái24 | Skipta barnahóp í rými reglulega. Fjölbreytni í dagskipulagi leikskólans. | Sjá starfsferil sérkennslustjóra í leikskólanum. Sjá starfsáætlun: Virk, ástúðleg nærvera kennara með börnunum |
| Í dagskipulagi er jafnvægi á milli frjálsra leikja og skipulagðra athafna. | 11-30 | Dagskipulag endurskoðað reglulega. Virk hópaskipting barna | Leikskóla stjórnari og deildarstjórnari | ferli | Mái24 | Skipta barnahóp í rými reglulega. Fjölbreytni í dagskipulagi leikskólans. | Sjá dagskrá deildanna. Sjá starfsáætlun: Virk, ástúðleg nærvera kennara með börnunum |

| | | | | | | | |
|--|-------|---|-----------------------------------|-------|-------|---|--|
| Fjölbreytt úrval af leik- og námsefni er til staðar (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og leik- og námsefni). | 11-30 | Í starfsáætlun og áfram unnið að fjölbreyttu efni og aldursvarnadi fyrir börn | Leikskóla stjórn og deildarstjórn | | | Í samtölum við deildastjóra og hvern deilda | Sjá þetta úrval og beitingu þess í dagskrá deildanna. |
| Skipulag húsnæðis gefur kost á samskiptum og samstarfi allra í leikskólanum (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og leik- og námsefni). | 11-30 | Húsnæði hentar vel til leikskólareksturs. Mörg fjölnotarými. | Leikskóla stjórn og deildarstjórn | | | Skipta barnahóp í rými reglulega | Sjá dagskrá deildanna. Sjá meðal annars sameiginlegan Kærleikshring og sameiginlega útivist. |
| Efniviður, náms- og kennslugögn eru aðgengileg fyrir starfsfólk. | 11-30 | Í starfsáætlun og áfram unnið að fjölbreyttu efni og aldursvarnadi fyrir börn | Leikskóla stjórn og deildarstjórn | | | Í samtölum við deildastjóra og hvern deilda | Sjá skipulag á efnivið, náms og kennslugögnum á deildunum |
| Rými er til að veita sérfræðipjónustu. | 11-30 | Fjöldmörg rými er hægt að nota í sérfræðipjónustu | Leikskóla stjórn og deildarstjórn | ferli | Mai24 | Val er um herbergi og hægt að mæta þörfum hvers barns | Sjá fyrirbyggjandi skipulag húsnæðis. |
| Vinnuaðstaða fyrir starfsfólk er góð, s.s. til undirbúnings, samráðs, funda og sérkennslu (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og leik- og námsefni). | 11-30 | Vinnuaðstaða er ákjósanleg, notaleg og gott næði | Leikskóla stjórn og deildarstjórn | ferli | Mai24 | Í könnun meðal starfsmanna | Sjá fyrirbyggjandi skipulag húsnæðis |
| | | | | | | | |

| Uppeldi, menntun og starfshættir | | | | | | | |
|--|-------------------|---|------------------------------------|--------------|--------------|---|---|
| Matspáttur | Niðurstaða | Umbótaaðgerðir | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Mats- og mælitæki Hvernig metið? | Viðmið um árgangur. |
| Á meðan á verkefnum stendur þróar starfsfólk þau eftir þörfum. | 31-50 | Kemur fram Starfsáætlun og áhersla stjórnenda á starfsfólk þrói starfshæfi sína | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Mai24 | Samtölum við starfsfólk | Sjá Starfsáætlun: Virk, ástúðleg nærvera kennara með börnunum |
| Námsleiðir henta vel þörfum og færni hvers barns. | 31-50 | Kemur fram í starfsáætlun og unnið að fjölbreyttu efni og aldurssvarnadi fyrir börn, m.a. í hópstarfi og samtölum | Leikskóla stjóri og deildarstjórar | ferli | Mai 24 | Daglegsamtölum við börn og starfsfólk | Sjá starfsáætlun: Virk, ástúðleg nærvera kennara með börnunum |